

**Háskóli Íslands**  
Félags- og mannvísindadeild

**" Hann sá um græjumálin "**  
Kynjaskipting á almennum undirbúningi á meðgöngu, skipting  
fæðingarorlofs og tíminn eftir fæðingarorlof



Guðrún Elísa Sævarsdóttir og Íris Stefanía Neri Gylfadóttir  
Lokaverkefni til B.A.-prófsí Félagsfræði  
September 2011

Guðrún Elísa Sævarsdóttir og Íris Stefanía Neri Gylfadóttir

Leiðbeinandi:  
Ingólfur Vilhjálmur Gíslason Dósent í Félagsfræði

Prentað á Íslandi af Háskólafjölritun ehf.  
Reykjavík 2011

## Útdráttur

Tilgangur þessarar eigindlegu rannsóknar var að skoða hvernig foreldrar skiptu með sér almennum undirbúningi á meðgöngu, hvort sem það var veraldlegur undirbúningur eða óveraldlegur. Rannsakendur skoðuðu einnig fæðingarorlofstöku foreldra og hvernig skiptingu hennar væri háttað. Að lokum voru foreldrar spurðir út í það hvernig þeir ætluðu að brúa bilið frá lokum fæðingarorlofs og þangað til að barnið hefur leikskólagöngu. Sérstök áhersla var lögð á að skoða mun á kynjunum á þessum fyrr nefndum þáttum. Hálfopin viðtöl voru tekin við fimm pör sem áttu börn á aldrinum fjögurra mánaða til tveggja ára aldurs. Niðurstöður rannsóknarinnar voru þær að mæður sáu að mestu leiti um undirbúninginn og sýndu mun meira frumkvæði en feðurnir sem þó voru flestir þeim innan handar og að mestu leiti tilbúnir að taka þátt. Efnahagurinn var það sem skipti mestu máli þegar kom að því að ákveða skiptingu fæðingarorlofsins þar sem í flestum tilfellum var búið að reikna út hvernig pörin gætu hagað hlutunum sem hagstæðast og foreldrarnir skiptu fæðingarorlofinu samkvæmt því. Umhyggja barnsins þann tíma sem leið frá lokum fæðingarorlofs og að upphafi leikskólagöngu var mikið þúsluspil fyrir alla foreldrana og treystu þau öll á nærfjölskyldu til þess að hjálpa þeim.

## Efnisyfirlit

Útdráttur .....	i
Inngangur .....	1
<b>1 Fræðileg umfjöllun.....</b>	<b>2</b>
1.1 Saga fæðingarorlofs á Íslandi.....	2
1.2 Fæðingarorlofstaka foreldra.....	7
1.3 Félagsmótun.....	11
1.4 Kynmótun .....	12
1.5 Tengsl.....	13
1.6 Mæðrahyggjan og kvennréttindabaráttan .....	14
1.7 Staða feðra og atvinna.....	16
1.8 Umönnun barna.....	18
<b>2 Framkvæmd rannsóknar .....</b>	<b>20</b>
2.1 Markmið rannsóknar .....	20
2.2 Eigindleg rannsóknaraðferð .....	20
2.3 Lýsing á viðmælendum og val á þeim .....	21
2.4 Viðtalsvísir .....	22
2.5 Gagnaöflun.....	23
2.6 Gagnavinnsla .....	23
<b>3 Niðurstöður rannsóknar .....</b>	<b>24</b>
3.1 Ákvörðunartaka .....	24
3.1.1 Tilkoma barnsins .....	24
3.2 Undirbúningur á meðgöngu .....	27
3.2.1 Undirbúningsnámskeið.....	28
3.2.2 Upplýsingaöflun á meðgöngu.....	28
3.2.3 Kaup á veraldlegum hlutum fyrir barnið.....	31
3.2.4 Upplýsingar frá ættingjum .....	34
3.3 Fæðingarorlof.....	35
3.3.1 Hugað að fæðingarorlofi.....	35
3.3.2 Viðhorf.....	38
3.3.3 Óskir um breytingar á fæðingarorlofskerfinu á Íslandi.....	40
3.4 Að brúa bilið .....	41
3.4.1 Hvernig?.....	42

<b>4</b>	<b>Umræða.....</b>	<b>46</b>
	<b>Heimildaskrá.....</b>	<b>50</b>
	<b>Fylgiskjal:.....</b>	<b>54</b>

## Inngangur

Miklar breytingar hafa orðið á þróun fæðingarorlofs á Íslandi síðastliðna áratugi, allt frá því að foreldrar höfðu engan rétt til fæðingarorlofs til að eiga rétt á samtals níu mánaða greiddu fæðingarorlofi. Þróunin hefur verið sú að feður hafa orðið virkari í uppeldi barna sinna, en áður fyrr var það næstum alfarið móðirin sem sá um umönnun barna sinna. Feður voru fyrirvinna heimilisins en með nýjum tímum og hugarfarsbreytingu hafa konur farið út á vinnumarkaðinn.

Rannsakendurnir höfðu sameiginlegan áhuga á að skoða aðstæður nýbakaðra foreldra og einnig hvernig verkaskiptingforeldranna var háttað þegar kom að ýmsum þáttum sem tengdust barneignum. Þar sem annar rannsakandinn var nýbúinn að eignast sitt fyrsta barn hafði hann brennandi áhuga á þessu málefni og báðir gríðarlegan áhuga á skoða kynhlutverk og hvernig þau endurspeglast þegar kemur að undirbúningi á meðgöngu.

Eftir að hafa ráðfært sig við leiðbeinanda töldu rannsakendur að besta leiðin til að fá innsýn í þessa hluti væri með því að framkvæma eiginlega rannsókn á nýbökkuðum foreldrum

Tilgangurinn með rannsókninni var því að skoða hvernig foreldrar skiptu með sér verkum í öllum undirbúningi á meðgöngu, hvernig þeir skiptu fæðingarorlofinu, ástæðu skiptingarinnar, hvernig viðhorf þeir fengu í kjölfarið og einnig hvernig foreldrar hugðust brúa bilið frá lokum fæðingarorlofs til upphafs leikskólagöngu barnsins.

Ritgerðin skiptist í þrjá hluta:fræðilegan kafla þar sem farið verður yfir sögu fæðingarorlofs og einnig verða skoðaðar fyrri rannsóknir á málefninu ásamt því að fara yfir ýmsa þætti sem snerta rannsóknina, svo sem kynhlutverk og mæðrahyggja. Seinni kaflinn er um aðferð og niðurstöður rannsóknarinnar. Þriðji og lokakafla ritgerðarinnar er umræða um niðurstöður rannsóknarinnar og hvernig þær tengjast fyrri rannsóknum.

# 1 Fræðileg umfjöllun

Í þessum fræðilega hluta verður saga fæðingarorlofs á Íslandi rakin ásamt því að fjalla um ýmsa þætti sem tengjast fæðingarorlofi. Farið verður út í þá félagslegu þætti sem móta okkur sem einstaklinga, eins og félagsmótun og kynmótun. Því næst verður fjallað um tengsl feðra við börn sín. Einnig verða gerð skil á mæðrahyggju og kvennréttindabárráttu ásamt því að skoða stöðu feðra innan heimilsins sem og á vinnumarkaði.

## 1.1 Saga fæðingarorlofs á Íslandi

Í lagasetningu almannatrygginga frá árinu 1946 kemur fram að öllum mæðrum skyldi vera borgaður mæðrastyrkur til að mæta kostnaði vegna barnsburðar. Fæðingarstyrkur hafði verið greiddur frá árinu 1943 þótt hann hafi ekki verið lögfestur fyrr en þremur árum síðar. Að auki gátu mæður tekið leyfi frá launaðri vinnu í þrjá mánuði eftir barnsburð og fengið greitt fyrir það annarskonar bætur. Ef konur voru giftar voru bæturnar háðar því hvort maki væri til staðar eða ekki og þurftu þær að sýna fram á að tekjur maka dygðu ekki fyrir framfærslu fjölskyldunnar. Árið 1950 var þessum lögum breytt þannig að allar mæður höfðu rétt á sömu greiðslum til fæðingarstyrks.

Árið 1954 tóku gildi lög um að allar mæður sem unnu hjá hinu opinbera fengju greitt fæðingarorlof í þrjá mánuði. Það var ekki fyrr en árið 1975 sem allar útivinnandi mæður áttu rétt á fæðingarorlofi og fengu allar mæður sem höfðu verið skráðar í vinnu fyrir fæðingu greitt þriggja mánaða fæðingarorlof eftir fæðingu barns. Það sem er athugasvert við þessa lagasetningu var að orlofið var ekki fjármagnað af almannatryggingum heldur af atvinnuleysistryggingarsjóði sem var á þessum tíma mjög vel staður þar sem atvinnuleysi var lítið.

Í kjölfar kjarasamninga milli Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands árið 1980 voru samþykkt lög sem veittu öllum mæðrum rétt á greiðslum frá ríkinu vegna barnsburðar. Mæður gátu úthlutað einum mánuði af þessum þremur til feðra ef þær vildu. Allir foreldrar í fæðingarorlofi höfðu rétt á föstum fæðingarstyrk í þrjá mánuði, þar að auki fengu allar mæður sem voru í vinnu eða námi auka mánaðargreiðslur í samræmi miðað við þær klukkustundir sem þær höfðu eytt í vinnu eða nám tólf mánuðum fyrir fæðingu.

Árið 1987 var tekin ákvörðun um að lengja fæðingarorlofið í sex mánuði. Löggin tóku gildi árið 1990 og er vert að taka fram að þær mæður sem unnu fyrir hið opinbera og í bönkum voru með full laun fyrstu þrjá mánuði orlofsins og full grunnlaun seinni þrjá mánuðina. Fyrir flesta samsvaraði þetta um 80% af laununum í sex mánuði. Þetta tvíþætta kerfi gerði það að verkum að nokkuð stórt bil myndaðist á milli þeirra foreldra sem höfðu rétt á nánast fullum launum í sex mánuði og þeirra sem höfðu eingöngu rétt á föstum mánaðarlegum styrk í gegnum félagslega kerfið (Guðný Björk Eydal og Ingólfur V. Gíslason, 2008).

Á níunda áratug síðustu aldar þótti íslensk löggjöf um fæðingarorlof ekki standast samanburð við önnur Norðurlönd. Mismunandi réttur fólks á hinum almenna vinnumarkaði og hjá hinu opinbera var ekki jákvæð þróun. Gert var ráð fyrir að útivinnandi mæður hættu í vinnu og hugsuðu um börn og bú. Þetta orsakaði oft mikið tekjutap fyrir fjölskylduna sem gerði það að verkum að faðirinn þurfti að vinna meira og var því minna á heimilinu á fyrstu mánuðum barnsins. Úrræði varðandi daggæslu, til að brúa bilið á milli loka fæðingarorlofs og byrjun leikskólagöngu, var af skornum skammti sem gerði það að verkum að margar konur hurfu af vinnumarkaði á þessum tíma (Ingólfur V. Gíslason, 2007).

Árið 2001 var gerð athugun á foreldrum barna sem fæddust árið 1997 sem leiddi í ljós að þrettán mánuðum eftir fæðingu barns höfðu einungis 57% mæðra hafið launaða vinnu á ný. Atvinnuþátttaka mæðra sem ekki höfðu eignast barn innan tveggja ára frá fæðingu fyrra barns var svipuð og hún var fimm mánuðum áður en barnið fæddist. Ef móðir eignaðist ekki annað barn áður en fyrra barn hennar hafði náð tveggja ára aldri þá var atvinnuþátttaka hennar svipuð og hún var fimm mánuðum áður en barnið fæddist. Mæður unnu að meðaltali 40 stundir á viku tólf mánuðum fyrir fæðingu barnsins en 34 stundir þremur árum eftir fæðingu. Athugunin leiddi einnig í ljós að strax á öðrum mánuði eftir að barnið fæddist var vinnuhlutfall feðra orðið svipað og það var fyrir fæðingu barnsins (Guðný Björk Eydal, 2004). Þessar niðurstöður sýna fram á að mikill kynjamunur er á starfshlutfalli eftir að barn fæðist.

Upp úr 1990 jókst áhugi ríkisstjórnar, stjórnmalaflokka og vinnumarkaðar á að skoða greitt fæðingarorlof beggja kynja enda voru flestir sammála um að ójöfn skipting fæðingarorlofs á milli kvenna og karla væri vandamál (Guðný Björk Eydal og Ingólfur V. Gíslason, 2008). Jóhanna Sigurðardóttir, sem þá var félagsmálaráðherra, skipaði árið

1991 nefnd sem skilaði frá sér skýrslu sem oft er nefnd „Karlaskýrslan“. Í skýrslunni komu fram sextán tillögur að breytingum. Ein þeirra var þess efnis að stofna sérstaka ráðgjafanefnd sem hafði það hlutverk að auka hlut karla í jafnréttisumræðunni og tryggja að sjónarmið þeirra kæmust til skila. Jafnréttisráð skipaði árið 1994 svokallaða Karlanefnd Jafnréttisráðs sem starfaði til ársins 2000 og var ein af höfuðáherslum nefndarinnar að auka möguleika karla til töku fæðingarorlofs (Ingólfur V. Gíslason, 2010). Ein af tillögum nefndarinnar var að lengja fæðingarorlofið í tólf mánuði þar sem móðirin fengi fjóra mánuði, faðirinn fjóra og aðrir fjórir sem foreldrar gátu skipt á milli sín eftir hentisemi. Einnig var lagt til að faðirinn fengi tveggja vikna orlof í kjölfar fæðingar barnins og að tekjutap ætti ekki að koma í veg fyrir að foreldrar nýttu fæðingarorlofið sitt. Þó svo að þessar tillögur hafi ekki verið samþykktar óbreyttar var hugmyndin um sjálfstæðan rétt feðra til fæðingarorlofs áfram til staðar (Guðný Björk Eydal og Ingólfur V. Gíslason, 2008).

Í nóvember árið 1996 ákvað sveitarfélagið Reykjanesbær að allir feður sem störfuðu hjá bænum ættu rétt á tveggja vikna borguðu orlofi. Þetta var í fyrsta skipti sem feður fengu rétt á borguðu fæðingarorlofi. Ári seinna var gerð skoðanakönnun sem leiddi í ljós að 87,5% karla töldu sig mundu nýta þriggja mánaða fæðingarorlof ef það leiddi ekki til skerðingar á orlofi móður. Í sömu könnun kom einnig í ljós að tekjutap yrði stór þáttur í því að ákveða hvort feður myndu nýta sér slíkan möguleika. Það var ekki fyrr en árið 1998 sem allir íslenskir feður fengu rétt á tveggja vikna fæðingarorlofi sem þeir máttu nýta sér eins og þeir vildu fyrstu átta vikurnar eftir fæðingu barnsins (Guðný Björk Eydal og Ingólfur V. Gíslason, 2008).

Árið 2000 voru ný lög samþykkt um fæðingar- og foreldraorlof (95/2000) og voru þau stórt og mikilvægt skref í orlofsbaráttu foreldra. Orlofið varð þrískipt: móðir og faðir fengu þrjá mánuði hvor og svo aðra þrjá sem þau gátu skipt á milli sín (Guðný Björk Eydal og Ingólfur V. Gíslason, 2008). Markmið laganna var að tryggja börnum samvistir með báðum foreldrum sem og að gera konum og körlum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf (Velferðaráðuneytið, 2011). Nú er fæðingarorlofið tekjutengt sem er breyting frá því sem áður var, íslenska velferðakerfið hafði í gegnum tíðina byggt styrki á jöfnum greiðslum til allra (Guðný Björk Eydal og Ingólfur V. Gíslason, 2008).



Árið 2004 kom í ljós að fjárútlát Fæðingarorlofssjóðs var mun meira en reiknað hafði verið með (Guðný Björk Eydal og Ingólfur V. Gíslason, 2008).

Samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof fer félagsmálaráðherra [nú velferðaráðherra smb. lög nr. 121/2010] með yfirstjórn fæðingar- og foreldraorlofsmála. Fæðingarorlofssjóður skal vera í vörslu Vinnumálastofnunar sem sér um reikningshald og daglega afgreiðslu sjóðsins í umboði félagsmálaráðherra. Sjóðurinn annast greiðslur til foreldra sem njóta réttinda til greiðslna í fæðingarorlofi og ber félagsmálaráðherra að gæta þess að sjóðurinn hafi nægilegt fé til að standa við skuldbindingar sínar. Sjóðurinn gerir árlega fjárhagsáætlun sem félagsmálaráðherra leggur fyrir fjármálaráðherra við undirbúning fjárlaga. Fæðingarorlofssjóður er fjármagnaður með hluta af tryggingagjaldi (sbr. lög um tryggingagjald) auk vaxta af innistæðufé sjóðsins. Tryggingagjald er greitt af atvinnurekendum og er ákveðið hlutfall af heildarupphæð staðgreiðsluskyldra launa. Sjálfstætt starfandi foreldri greiðir jafnframt tryggingagjald af reiknuðu endurgjaldi. Kostnaður af rekstri sjóðsins greiðist af tekjum hans. Reikningar Fæðingarorlofssjóðs eru endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun og birtir ár hvert í Lögbirtingablaðinu (Fæðingarorlofssjóður, 2010).

Árið 2001 gerðu áætlanir ráð fyrir heildarútgjöldum upp á tvo milljarða króna en raunkostnaður varð 2,756 milljarðar. Árið 2002 sýndi miklu meiri mun á áætluðum kostnaði og raunkostnaði þar sem áætlanir gerður ráð fyrir 2,5 milljarða krónum en raunverulegur kostnaður ársins var 4,547 milljarðar. Sömu sögu er að segja um árið 2003 þar sem kostnaður umfram áætlun voru tæpir þrír milljarðar. Gera má ráð fyrir að gríðarlegt vanmat hafi verið í áætlunum á því hvernig feður myndu nýta sér rétt sinn til fæðingarorlofs (Guðný Björk Eydal og Ingólfur V. Gíslason, 2008).

Ljóst var að ekki yrði hægt að halda svona áfram og eitthvað þyrfti að gera áður en sjóðurinn yrði gjaldþrota. Árni Magnússon, þáverandi félagsmálaráðherra, mælti fyrir breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof. Að sögn ráðherra var megin tilgangur breytinganna að styrkja fæðingarorlofskerfið þannig að hægt væri að koma böndum á greiðslur úr fæðingarorlofssjóði og hægt yrði að treysta stöðu hans. Þessar breytingar

voru lagðar fram í ljósi þess að fæðingarorlofssjóður var að komast í þrot þar sem þeir tekjustofnar sem honum hafði verið lagðir til voru ekki nægilega miklir. Samkvæmt frumvarpi Árna átti að auka tekjur sjóðsins sem og að minnka ústreymi. Hækka skyldi hlutfall tryggingargjalds sem rynni til sjóðsins og setja á þrískipt kerfi varðandi úthlutunarreglur. Í fyrsta lagi var ákveðið að setja þak þar sem hámarksgreiðsla til einstaklinga yrði 480 þúsund á mánuði. Þeir einstaklingar sem voru með yfir 600 þúsund krónur á mánuði í tekjur fengu því ekki greitt 80% af launum sínum. Þetta hafði þó engin gríðarleg áhrif þar sem aðeins 195 einstaklingar voru með yfir 600 þúsund krónur í laun árið 2003 eða um 2–3% foreldra. Í öðru lagi var tekið mið af launum yfir 24 mánaða tímabil í stað tólf og í þriðja lagi var sú ákvörðun tekin að samkeyra greiðslur Fæðingarorlofssjóðs og skattkerfisins til að koma í veg fyrir misnotkun (Ingólfur V. Gíslason, 2007).

Til að gera þessa samkeyrslu auðveldari var notast við heilt skattaár í stað þess að miða við 24 mánuði fyrir fæðingu barnsins. Það gat því skipt miklu máli hvenær á árinu barnið fæddist upp á hversu miklar greiðslur foreldrarnir fengu. Lagabreytingin gat því haft neikvæð áhrif á fjárhag foreldra sem og frjósemi, fyrst og fremst vegna lengingar viðmiðunartímabilsins. Sem dæmi um þetta má nefna að ef þar eignaðist barn innan 24 mánaða frá fæðingu síðasta barns urðu greiðslur aðeins 80% af 80% og var þá tekjutapið orðið ansi mikið. Þetta gat stuðlað að því að lengra varð á milli fæðinga og þar sem meðalaldur frumbyrja var kominn upp í 26,3 ár árið 2005 má áætla að áhrifin verði þau að færri börn fæðast þar sem lengri tími líður á milli fæðinga barna (Ingólfur V. Gíslason, 2007).

Í júní 2008 var lögum um viðmiðunartímabil við útreikninga á meðaltali heildarlauna fæðingar- og foreldrarorlofs breytt. Miða átti við tólf mánaða samfellt tímabil sem lyki sex mánuðum áður en barn fæddist eða frá þeim degi sem barn kom inn á heimili við frumættleiðingu eða töku á varanlegu fóstri. Með öðrum orðum var viðmiðunartímabilið stýtt úr 24 mánuðum í tólf mánaða tímabil (Velferðarráðuneytið, 2008). Þá gátu foreldrar báðir hafið töku á fæðingarorlofi allt að einum mánuði fyrir fæðingu (Jóhann Ásmundsson, 2008).

Efnahagshrunið í október 2008 hafði gríðalegar afleiðingar í för með sér fyrir íslenskt samfélag. Þurft hefur að skera niður á mörgum stöðum og var þar fæðingarorlofssjóður engin undantekning. Erfiðleikar innan fæðingarorlofssjóðs voru þó

ekki nýir af nálinni þar sem hámarksgreiðslur voru fyrst settar á sjóðinn árið 2004eins og kom fram hér að ofan (Jóhann Ásmundsson, 2011).

Í kjölfar efnahagshrunsins haustið 2008 voru breytingar gerðar í hagræðingarskyni. Hámarksgreiðslur voru lækkaðar enn meira og hlufall launa foreldra var lækkað í 75% af heildarlaunum yfir 200 þúsund krónum og tíminn til töku orlofsins var lengdur úr átján mánuðum í 36 mánuði. Með þessum breytingum hafa útgjöld fæðingarorlofssjóðs lækkað bæði vegna þess að útgreiðslur eru lægri og einnig vegna þess að foreldrar, og þá helst feður hafa dregið úr nýtingu á orlofi ef miðað er við bráðabirgðatölur frá árinu 2009 til 2010 (Vinnumálastofnun, 2010). Það vakti athygli í kjölfar hrunsins árið 2008 að aukin ásókn varð í sjóðinn og þá sérstaklega hjá feðrum. Fæðingarorlofssjóði bárust margar fyrirspurnir um hvort foreldrar ættu inni ónýttan rétt sem hægt væri að taka út (Vinnumálastofnun, 2008).

Ástæður fyrir þessum breytingum svo stuttu eftir hrunið má að öllum líkindum rekja til aukins atvinnuleysis og að foreldrar sáu fyrir sér að geta nýtt greiðslur úr fæðingarorlofssjóði og þá sérstaklega feður. Móðirin hafði þá hugsanlega haldið vinnunni og farið fyrr út á vinnumarkaðinn en ella og faðirinn gat þá nýtt sér skiptanlegu mánuðina. Svipaðar vísbendingar má sjá hjá námsmönnum og þeim sem eru utan vinnumarkaðar sökum hærra atvinnuleysis í landinu (Vinnumálastofnun, 2008). Þessar breytingar eiga aðeins við um fyrstu mánuðina eftir hrunið, þegar lengra leið frá urðu áhrifin þveröfug (Vinnumálastofnun, 2010).

## **1.2 Fæðingarorlofstaka foreldra**

Möguleikar feðra á fæðingarorlofi hafa ekki alltaf verið til staðar og er ekki langt síðan að þeir fengu sömu réttindi og mæður. Þrátt fyrir breytingarnar þá er það enn ríkjandi viðhorf að móðirin eigi að vera aðalumnunaraðili barna sinna.

Tölur frá fæðingarorlofssjóði sýna að fæðingarorlofstaka feðra er bundin við þann tíma sem er óframseljanlegur en sameiginlegur hluti orlofsins er að stærstum hluta nýttur af mæðrum. Árið 2004 var meðaldagafjöldi tekins fæðingarorlofs mæðra 182 en feðra 96 dagar. Feður juku hins vegar töku sína á sameiginlega réttinum allt til ársins 2008 þegar þeir tóku að meðatali rúmlega fimmtán daga af sameiginlega réttinum (Ingólfur V. Gíslason, 2007 og Vinnumálastofnun, 2010). Þetta er í fullu samræmi við aðrar þjóðir þar sem sameiginlegi tíminn er næstum eingöngu nýttur af mæðrum (Brandth og Kvade, 2003 og Ingólfur V. Gíslason, 2005).

Ingólfur V. Gíslason (2007) nefnir sex skýringar á því hvers vegna nýting kynjanna á fæðingarorlofi sé ekki jafnari. Sú fyrsta er að hefðbundin viðhorf í íslensku samfélagi eru föst í þeirri gamaldags hugsun að mæður standi sig best í því að annast börn og að feður séu betur í stakk búnir að sjá fyrir heimilinu fjárhagslega. Gallup komst að því árið 2003 að meirihluti íslensku þjóðarinnar er á þeirri skoðun að konur séu hæfari en karlar til þess að annast uppeldi barna og voru fleiri karlar en konur þeirrar skoðunar (Ingólfur V. Gíslason, 2005). Í öðru lagi nefnir Ingólfur líkamlega endurhæfingu móður, en bæði meðgangan og fæðingin reynir oft mjög á líkama móðurinnar og þarf hún tíma til þess að jafna sig. Brjóstagiöfin er þriðja skýringin sem hann nefnir, en alþjóða heilbrigðisstofnunin (WHO) mælir eindregið með því að börn séu á brjósti fyrstu 6 mánuðina og eru íslenskar mæður hvattar til að hefja brjóstagiöf eftir að barn þeirra fæðist (Karítas Ívarsdóttir og Ragnheiður Bachmann, 2008 og World Health Organization, 2011):

Vissulega er unnt að koma málum þannig fyrir að barn fái brjóst þómóðirin sé að vinna og nokkur dæmi um slíkar lausnir voru nefnd í viðtölunum. Annað hvort kom faðirinn með barnið á vinnustað móðurinnar þegar kominn var tími á gjöf eða þá að verkefnavinna móðurinnar var með þeim hætti að hún gat skotist heim. Hitt er auðvitað þægilegra í flestum tilfellum að móðirin sé heima meðan barnið er á brjósti eða að minnsta kosti meðan móðurmjólkinn er eina fæða barnsins (Ingólfur V. Gíslason, 2007, bls.294).

Í fjórða lagi er tekjumunurinn nefndur þar sem karlar eru oftast með hærri tekjur en konur og er það meiri fjárhagsleg skerðing fyrir heimilið ef faðirinn tekur lengra fæðingarorlof. Ef við lítum á Ísland sjáum við að árið 1998 voru mánaðartekjur kvenna á almennum vinnumarkaði að meðaltali 107 þúsund krónur en karla 157 þúsund krónur. Níu árum síðar voru mánaðartekjur kvenna á almennum vinnumarkaði að meðaltali 256 þúsund krónur á meðan karlar voru með 332 þúsund krónur (Hagstofa Íslands, 2008). Árið 2010 voru mánaðarlaun kvenna að meðaltali 309 þúsund krónur á mánuði á almennum vinnumarkaði og mánaðarlaun karla að meðaltali á mánuði 374 þúsund krónur. (Hagstofa Íslands, 2011). Í fimmta lagi er fjallað um staðsetningu á vinnumarkaði, en karlar eru ólíklegri en konur til að starfa hjá hinu opinbera og er starfsöryggi kvenna því oftast talið meira þar sem hið opinbera telst nokkuð öruggur vinnustaður. Þess vegna er oft auðveldara fyrir konur en karla að taka fæðingarorlof. Í

sjötta lagi er viðhorf atvinnurekenda sem virðast enn líta svo á að karlar séu meira ómissandi í störfum sínum en konur (Ingólfur V. Gíslason, 2005).

Í rannsókn sem Bryndís Jónsdóttir (2007) gerði voru mæður og feður meðal annars spurð um viðhorf samstarfsmanna og vinnuveitenda á fæðingarorlofstöku þeirra. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að stór hluti þátttakenda (80,8%) taldi viðhorf vinnuveitanda og samstarfsmanna (89,2%) vera frekar eða mjög jákvætt. Kynjamunur var á svörum þátttakenda en fleiri karlar voru á þeirri skoðun að viðhorf vinnuveitanda þeirra væri neikvætt. Að lokum kom það einnig fram í rannsókn Bryndísar að 12,5% svarenda upplifðu ógnun við starfsöryggi sitt við það að taka fæðingarorlof, en ekki var marktækur munur á kynjum.

Í Gallupskönnun sem gerð var í mars árið 2003 kom í ljós að 73,7% atvinnurekenda taldi jákvætt að feður nýttu sér rétt sinn til þriggja til sex mánaða fæðingarorlofs. 85% Íslendinga töldu það einnig jákvætt (Gallup, 2003). Önnur rannsókn var gerð á vegum Gallups árið 2003 og niðurstöður hennar sýndu að 63% atvinnurekenda töldu það mjög eða frekar erfitt fyrir karla á vinnustaðnum að taka fæðingarorlof í allt að sex mánuði en einungis 27% töldu það erfitt fyrir kvenmenn að taka fæðingarorlof í þrjá til sex mánuði (Gallup, 2003a). Af þessum tölum að dæma má álykta að erfiðara sé fyrir feður en mæður að fá leyfi hjá vinnuveitenda sínum til að taka langt fæðingarorlof. Í rannsókn Gallups hafði menntun áhrif á niðurstöðurnar því ef þátttakandi var vel menntaður var viðhorf vinnuveitandi hans jákvæðara gagnvart fæðingarorlofi. Greinilegur munur var einnig á því hvort þátttakandinn vann hjá hinu opinbera eða í einkageiranum þar sem minna bar á neikvæðni hjá hinu opinbera gagnvart því að taka fæðingarorlof.

Árið 2008 gerði Auður Arna Arnardóttir rannsókn sem nefnist *Frá sjónarhóli fedra og mæðra*. Um er að ræða spurningalistakönnun sem lögð var fyrir 683 feður og 617 maka. Sú rannsókn benti til að feður og makar telja vinnuveitendur almennt vera jákvæða gagnvart fæðingarorlofstöku, þó kom í ljós að fleiri feður en makar þeirra töldu vinnuveitanda sinn neikvæðan í garð fæðingarorlofstöku sinnar. Einnig kom í ljós að ekki virtist vera munur á hversu jákvæðir samstarfsmenn væru gagnvart fæðingarorlofi fedra og maka. 62,4% fedra töldu vinnuveitanda sinn jákvæðan eða mjög jákvæðan, en 80,3% maka töldu vinnuveitanda sinn jákvæðan eða mjög jákvæðan. Fleiri feður, eða 10,9%, en makar, sem voru 3,1%, töldu vinnuveitanda sinn vera neikvæðan í garð

fæðingarorlofstöku sinnar. Munur var á meðaltali kynjanna þar sem vinnuveitendur voru jákvæðari gagnvart fæðingarorlofi mæðra en feðra. Spurt var um starfsöryggi eða að hve miklu eða litlu leyti þátttakendum fannst starfsöryggi sínu ógnað við töku fæðingarorlofs og kom í ljós að flestir þeirra sem svöruðu rannsókninni töldu starfsöryggi sínu alls ekki ógnað eða 57,2% karla og 59,8% maka. Hins vegar kom ljós að 15% svarenda töldu að með því að taka fæðingarorlof gæti það ógnað starfsöryggi þeirra, 10,7% feðra og 11,7% mæðra töldu að um nokkra ógn væri að ræða en 3,3% feðra og 3% mæðra töldu að um mikla ógn væri að ræða (ekki marktækur kynjamunur á ógninni miðað við 95% öryggisbil).

Skýrt má sjá í þessum niðurstöðum að töluverður kynjamunur er á viðhorfi vinnuveitenda á töku fæðingarorlofs og erfiðara er fyrir feður að nýta sér orlofið. Í þeim hluta sem sneri að skiptingu fæðingarorlofs voru niðurstöðurnar þær að feður tóku að meðaltali tíu vikur í fæðingarorlof sem nær ekki þeim þremur mánuðum sem þeir áttu rétt á samkvæmt lögbundna og óskiptanlega þriggja mánaða rétti en makar þeirra 11,9 vikur að meðaltali. Alls tóku mæður 98,1% af þeim tólf vikum sem þær áttu rétt á en 75% feðra tóku þessar 12 vikur sem þeir áttu rétt á samkvæmt lögum. Hlutfall feðra sem nýttu ekkert af þessum lögbundna rétti sínum var 8,1%. Menntun hafði mikil áhrif á það hvort feður tækju fæðingarorlof. Þeir feður sem voru með grunnskólapróf eða gagnfræðimenntun nýttu að meðaltali 10,7 vikur af sínum rétti en þeir sem voru með doktorsgráðu nýttu að meðaltali 8,6 vikur. Mannaforráð skipti einnig sköpum, en ef feður stýrðu 31 einstaklingi eða fleiri í vinnu nýttu þeir minnst af óskiptanlegu orlofi sínu eða að meðaltali 8 vikur. Þeir sem höfðu engin mannaforráð nýttu að meðaltali 10,6 vikur af óskiptanlegu orlofi sínu. Í skiptingu sameiginlegu mánaðanna kom það í ljós að feður taka að meðaltali 1,5 viku en makar þeirra 10,2 vikur. Einnig kom það í ljós að 83,3% feðra taka ekkert af sameiginlega orlofsrétti foreldranna. Feður með grunn/gagnfræðimenntun nýttu 2,1 viku en feður með doktorsgráðu nýttu 0,3 viku (Auður Arna Arnardóttir, 2008. Bls. 144).

Samkvæmt þessari rannsókn hefur menntun haft neikvæð áhrif á fæðingarorlofstöku sem brýtur í bága við aðrar norrænar sem og íslenskar rannsóknir. Norrænar rannsóknir hafa leitt það í ljós að munur sé á hvernig mismunandi hópar feðra nýta rétt sinn til fæðingarorlofs. Samkvæmt Byrgen (2006) og Haas (1992) hefur stöðug atvinnustaða og aukið menntunarstig hvetjandi áhrif á hvort þeir taki fæðingarorlof.

Einnig hafði aukin menntun móður og örugg atvinnustaða jákvæð áhrif hvort feður taka fæðingarorlof. Í sænskri rannsókn eftir Duvander og Sundström (2000) kemur í ljós að feður með tekjur yfir meðallagi voru virkari í að nýta rétt sinn til fæðingarorlofs en þeir sem höfðu lægri tekjur. Í rannsókn Guðnýjar Bjarkar Eydal (2008) kom í ljós að munur á milli starfshópa var ekki marktækur en munurinn á hvort feður voru á vinnumarkaði eða í námi var frekar mikill, en nýtingarhlutfallið var lægst hjá feðrum sem voru í námi, 65,9% á móti 80,9% hjá vinnandi feðrum. Í sömu rannsókn kom í ljós að feður með hærri tekjur tóku frekar fæðingarorlof en þeir feður sem voru með lægri tekjur sem er í samræmi við niðurstöður sænsku rannsóknanna.

### 1.3 Félagsmótun

Albert Bandura (1977) kom með kenningu sem nefnist félagsmótunarkenningin. Albert Bandura lítur á manninn sem þátttakanda og geranda í félagslegu samhengi til að skapa heilstæðari mynd af félagsmótun. Maðurinn er ekki einungis félagsmótaður heldur er hann líka félagsmótandi. Vissulega má orða það svo að samfélag sé afsprengi félagsmótunnar en það þýðir ekki að maðurinn sé áhrifalaus. Félagsmótun er ferli þar sem fólk lærir félagslegar væntingar samfélagsins. Einstaklingar læra hlutverk, viðhorf og framkomu frá þeim grundvelli sem af þeim er vænst út frá félagslegri stöðu og hvar þeir eru staðsettir í samfélaginu. Helstu fulltrúar félagsmótunarinnar eru fjölskyldan, fjölmiðlar, jafningjar, trúfélög og skólar (Andersen, M. L. og Taylor, H.F., 2007).

Þegar félagsmótun á sér stað drekkur fólk í sig menntun, siði, venjur, lög og hvers konar hegðun sem telst viðeigandi í ákveðnum aðstæðum. Einstaklingar móta sinn eigin persónuleika út frá umhverfinu sem þeir alast upp í og af því leiðir að fólk mótar tilfinningar sínar og skoðanir. Fólk lagar sig að væntingum samfélagsins en útilokar þó ekki einstaklingseðlið. Manneskjur eru allar einstakar upp að vissu marki og þar með eru þær ákvarðanir sem þær taka og hvernig þær læra hlutverk sín í lífinu mismunandi og persónubundin (Andersen, M. L. og Taylor, H.F., 2007).

Í þjóðfélögum einkennist menning af hefðum, viðmiðum og gildum og eru þjóðfélagshópar samfélagsins ólíkir eftir því hvernig þessum þáttum er háttað (Collins, R og Makowsky, M., 2005). Félagsmótunarreynslan er einstaklingsbundin og ólík þegar kynþáttur, kyn, stétt og persónuleiki einstaklingsins er tekið með inn í jöfnuna (Andersen, M. L. og Taylor, H.F., 2007).

Félagsmótunin á sér stað alla ævi, frá barnæsku til elliáranna. Barnæskan skiptir þó lykilmáli í félagsmótun manneskjunnar því þá er uppbygging einstaklingsins áhrifamest og grunnur gilda og viðmiða eru sem mest í mótun (Collins, R og Makowsky, M., 2005).

Í gegnum félagsmótunina meðtekur fólk ómeðvitað menningarlegar væntingar samfélagsins, lærir þær og kennir svo fólki í kringum sig þessar sömu væntingar. Hegðun fólks er lærd, ef ríkjandi viðhorf eða hegðun er til staðar tekur fólk þeim gildum sem fylgja þeim sem eðlilegum hlutum og ef einhver efi hefur verið til staðar í huga fólks hverfur hann vegna ríkjandi hugsunarháttanna í nánasta umhverfi. Þó er hægt að breyta menningarlegum væntingum sem fólk hefur lært. Ný reynsla getur breytt menningarlegum væntingum sem einstaklingar hafa nú þegar lært (Andersen, M. L og Taylor, H.F., 2007).

Í gegnum tíðina hefur umræðan togast á milli þess að fólk mótist af félagslegum þáttum eða hvort það séu einfaldlega meðfæddir eiginleikir sem fólk fæðist með (Andersen, M. L og Taylor, H.F., 2007).

#### **1.4 Kynmótun**

Kyn greinir líffræðilegan mun kynjanna. Stúlkur fæðast með XX litninga en drengir fæðast með XY litninga. Kyngervi er hugtak sem greinir frá því hvernig kynin lagast á ólíkan hátt að reglum samfélagsins. Bæði drengir og stúlkur læra ung að aldri að aðlagast reglum kyngervisins en í félagslegum raunveruleika umhverfisins öðlast fólk sinn eigin sjálfskilning.

Félagssfræðingar nota hugtakið kynmótun til þess að lýsa því hvernig kynhegðun er lærd. Kynmótun á sér stað allt lífsskeiðið en byrjar í raun og veru um leið og barn dregur sinn fyrsta andardrátt og ljósmóðir tilkynnir hvort barnið sé drengur eða stúlka, kvenkyns eða karlkyns. Algengt er að strax við fæðingu fari atburðir í gang sem gefa það til kynna að kynin séu ólík. Á mörgum sjúkrahúsum er það algengt að drengir séu vafðir inn í blá teppi eða settar eru á þá bláar húfur. Í vestrænu samfélagi tilheyrir liturinn blár karlkyninu en bleikur kvenkyninu. Frá þessum tímapikti liggja leiðir kynjanna í ólíkar áttir. Börn fá mismunandi skilaboð frá fulltrúum félagsmótunarinnar. Í byrjun æviskeiðsins hafa foreldrar, systkini og aðrir umönnunaraðilar barnsins mest áhrif á það hvernig eigi að haga sér á viðeigandi kynbundinn hátt. Einnig hafa bækur og sjónvarpsefni töluverð áhrif. Stúlkur fá leikföng, dúkkur, dúkkuvagna og eldhúsdót sem



lýsa móðurhlutverkinu og mýkri persónuleika en drengir fá karlmiðaðri leikföng líkt og bíla, hasarbrúður og dótaverkfæri (Newman, D.M. og Grauerholz, L., 2002).

Margir sálfræðingar telja að um þriggja ára aldur fari börn að greina í sundur hvort þau tilheyri kvenkyninu eða karlkyninu og byrja að tileinka sér viðeigandi hlutverk sem einkenna kvenlega eða karlmannslega hegðun á því tímasteiði. Um fimm ára aldur fá börn svo skilning á kynjamun í starfsstéttum (Newman, D.M. og Grauerholz, L., 2002).

## 1.5 Tengsl

Það sem hefur breyst á undanförunum árum er að hlutdeild feðra hefur aukist verulega í öllu sem kemur að barninu, frá því að vera þátttakendur í því ferli sem meðgangan er og einnig fæðingu barns síns. Margir feður eru byrjaðir að líta á sig sem virkan þátttakanda í öllu þessu ferli, sem dæmi taka margir feður þátt í læknisathugunum en það var ekki algengt á árum áður (Chandler, 1997). Þó svo að mæður gangi í gegnum það líkamlega í meðgöngu og fæðingu þá hefur hún einnig líkamleg og andleg áhrif á feðurna svo sem aukna matarlyst og ógleði, en ekki er talað um hvort þetta sé vegna breyttra lífsvenja eða sálrænna þátta. Það sem er einkennandi fyrir meðgönguna er undirbúningur fyrir þær miklu breytingar sem fylgir því að eignast barn, jafnt föður sem móður (Ingólfur V. Gíslason 1997).

Í bók Ingólfs V. Gíslasonar, *Pabbi. Bók fyrir verðandi feður*, sem kom út árið 2002 fullyrðir hann að feður eru ekki síður hæfir en mæður til þess að veita börnum sínum þá umönnun sem þau þarfnast, þótt mæður og feður geri það ekki á sama hátt. Móðir og barn tengjast mikið í gegnum brjóstgjöf og er því ekki sjaldgjæft að barn tengist móður fyrst. Í raun og veru hefur kyn ekki áhrif á gæði tengsla heldur tengist barnið þeim sem sinnir því, hvort það sem er móðir eða faðir. Mikilvægt er fyrir feður að halda á barni sínu og mynda þannig tengsl (Ingólfur V. Gíslason, 2002). Viðbrögðin hjá feðrum eftir að þeir fóru að taka þátt í umönnun barna voru lík viðbrögðum mæðra en ljóst er að tilfinningar feðra eru mjög líkar tilfinningum mæðra. Feður finna þörf fyrir að skoða og snerta barnið líkt og móðir (Ingólfur V. Gíslason, 2002). Flestir feður sem eru virkir í að annast börn sín frá fæðingu þróa með sér sterka föðurst, eins og mæður þróa móðurst (Ingólfur V. Gíslason, 2002).

## 1.6 Mæðrahyggjan og kvennréttindabaráttan

Á fyrri hluta 20. aldarinnar var það ríkjandi að karlmaðurinn væri fyrirvinna heimilisins og að konur gegndu húsmóðurhlutverkinu (Ingólfur V. Gíslason, 2008). Heimilið var vinnustaður konunnar og treysti hún oftast alfarið á innkomu manns síns, hjónabandið var framfærslustofnun hennar (Hulda Proppé, 2004). Hlutverkaskiptingun sem var við gildi gerði það að verkum að feður voru fjarlægir börnum sínum og að hlutverk þeirra sem uppalendur og umönnunaraðilar var mjög veikt (Ingólfur V. Gíslason 2008).

Menning íslenska samfélagsins tryggði körlum forréttindi, og ríkjandi hugmyndafræði karla um konur var að þær væru bara mæður, eiginkonur og húsmæður sem væru heima að dútla meðan karlar væru í alvöru vinnu. Kvenímyndin var vanvirt og niðurlægð í auðgunarskyni bæði í auglýsingum, fegurðarsamkeppnum, klámmyndum, meðhöndlun fjölmiðla á fréttum af konum og í allri karlaumræðu samfélagsins. Öll vinna kvenna, hin ólaunaða innan heimilisins líka launaða á vinnumarkaði var gerð nær ósýnileg og hún vanmetin (Herdís Helgadóttir, 1997. Bls.291–292).

Vegna þessarar hlutverkaskiptingar var það ríkjandi hugsunarháttur að kynin væru ólík af náttúrunnar hendi, að feður væru harðari að sér, nógu harðir til að fara út á hinn erfiða vinnumarkað. Í raun var litið á þá sem æðra kyni en konurnar veikara þar sem þeir eiginleikar sem tengdir voru konum var hlédrægni, fórnfýsi, vinnusemi og viðkvæmni, en einnig að þær væru betri umhyggjuaðilar barnanna og ættu betur heima inni á heimilunum (Newman, D.M. og Grauerholz, L., 2002). Þessi hugmyndafræði kallast mæðrahyggja en ásamt þessum atriðum sem komu fram hér á undan felur hún í sér að konan sé veikara kynið (Newman, D.M. og Grauerholz, L., 2002). Þessi hugsunarháttur á rætur sínar að rekja aftur til forn Grikkja. Á þeim tíma var þessi kynjaskipting ríkjandi en heimspekingurinn Aristoteles var á þeirri skoðun að konur væru í raun vanskapaðir karlar og að þeir væru í eðli sínu æðra kynið. Hann sagði að konur væru til af illri nauðsyn og þær væru í raun og veru þrælur karlmannsins og að það væri karlmönnum eðlislægt að ríkja yfir konum og eðlislægt konum að vera körlum undirgefnar (Mayhew, R. 2004).

Kvennréttindabaráttan byrjaði um miðja nítjándu öld sem almenn mannréttindabarátta með það að markmiði að konur skyldu fá sömu réttindi og karlar. Kvennréttindabaráttan hefur reynst konum mikið frelsisafli í því að komast út af heimilunum og verða virkir þátttakendur í samfélaginu og með þeirri þróun færast karlmennirnir meira inn á heimilið (Auður Styrkárstöttir, 1997).

Á sjöunda áratug síðustu aldar varð umrót í vestrænum samfélögum og mynduðust kvannahreyfingar víða ásamt öðrum mannréttindahreyfingum annarra minnihlutahópa. Það sem þessar frelsisbaráttur áttu sameiginlegt var að þær vildu endurskoða ríkjandi gildi samfélaga. Kvannahreyfing sem kallaðist Rauðsokkahreyfingin varð til á þessum tíma og tilkoma nýrra getnaðarvarna og batnandi efnahagur veitti fleiri konum tækifæri á að sækja sér menntun. Á íslenskum vinnumarkaði árið 1963 voru 28,6% giftra kvenna útvinnandi og hækkaði talan upp í 42,3% árið 1971 (Hulda Helgadóttir, 1997).

Kvennréttindakonur á sjöunda áratug síðustu aldar þurftu að berjast við ýmsar mótstöðuraddir en kvennréttindakonur sem voru virkar meðal annars sakaðar um að þræla körlum út og að vera á móti móðurhlutverkinu. Þær fengu neikvæð viðbrögð í skrifum fræðikvenna en flestir voru á þeirri skoðun að þær hafi hafnað kvenlegum gildum og í raun viljað vera eins og karlar. Kvennréttindakonur fengu viðurnefni og neikvæð ummæli á borð við þessi:

Hún er mussukona og lopadrusla og ef henni tekst að næla sér í karl, þrælar hún honum út við uppvasi og bleyjubvott, ef svo ólíklega vill til að hún vilji vera móðir (Herdís Helgadóttir, 1997, bls 290).

Á seinni hluta 20. aldar jókst þátttaka kvenna á vinnumarkaði og með auknum réttindum þeirra fór fólk að endurmeta hlutdeild kvenna í sköpun samfélagsins og krefjast ábyrgðar samfélagsins á börnum og mæðrum. Sú hugmynd að konan ætti að vera móðir og innan veggja heimilinsins var úrelt og að velferð heimilisins ætti ekki að hvíla á öxlum móðurinnar. Úr þessum kröfum varð til opinber stefnumótun í velferðamálum þar sem umhyggju- og réttlætissjónarmiðin voru í öndvegi (Auður Styrkárstöttir, 1997). Það sem einkenndi þessa kvennabaráttu var ávallt þung gagnrýni á ríkisivaldið sem og þjóðfélagið allt, efi gagnvart ríkjandi gildum samfélagsins. Það kom í hlut kvenna að vera það afl sem breytti ríkjandi viðhorfum samfélagsins, gerast virkir þátttakendur á öllum sviðum þjóðfélagsins, svo sem að kjósa, fara í stjórnmal og fleira. Umræðan í anda mæðrahyggjunnar var samtengd mörgum öðrum samfélagsmálum þar sem réttindi og skyldur voru í brennidepli (Auður Styrkárstöttir, 1997).

Í kjölfar þess að konur fóru út á vinnumarkaðinn fór að fjara undan fyrirvinnuhugtakinu sem var við lýði svo lengi, og feður urðu virkari þátttakendur innan heimilisins (Guðný Björk Eydal, 2006).

Þó svo að þessi mikla hugarfarsbreyting hafi átt sér stað undanfarna áratugi sýna tölur aðekki er það sama sem er í orði og á borði. Á Vesturlöndunum er hlutfall kvenna sem sinna heimilisverkunum hærra en karla og er kynbundinn launamunur enn töluverður (Kolbeinn H. Stefánsson, 2008).

### **1.7 Staða fedra og atvinnu**

Á fyrstu áratugum nítjándu aldar þótti sjálfsögð félagsleg staða fedra að vera fyrirvinna heimilisins, lærifaðir og sá sem agaði börnin, en þetta hefur breyst töluvert síðan þá. Með þróun kapitalismans hvarf þessi ímynd smátt og smátt og upp komu kvennréttindahreyfingar. Þetta hafði í för með sér tvær megin breytingar. Fyrri breytingin átti sér stað á árunum 1960–70 og var sú að karlmaðurinn á heimilinu varð ekki lengur eina fyrirvinnan heldur fóru giftar konur út á vinnumarkaðinn. Árið 2005 var staðan orðin þannig á Íslandi að um 20% kvenna var orðin aðal fyrirvinna heimilisins í þeirri merkingu að hún var með hærri laun en makinn. Seinni breytingin er sú sem viðkemur börnum, samspil móðurinnar á uppeldi barnsins og stöðu sinnar á vinnumarkaðnum. Á sama tíma hefur fæðingartíðni þó minnkað, fyrir 40 árum voru 3,3 börn að meðaltali á fjölskyldu en í dag aðeins 2.1 barn, sem þykir engu að síður hátt hlutfall miðað við önnur Evrópulönd. Á Íslandi eru um 95% barna á aldrinum tveggja til fimm ára á leikskóla sem gerir það að verkum að börn eru ekki eins mikil hindrun fyrir starfsferil móðurinnar eins og þau voru nokkrum árum síðan (Guðný Björk Eydal og Ingólfur V. Gíslason, 2008).

Meðan konur hafa í auknum mæli byrjað að starfað við hluti sem áður fyrir þóttu eingöngu í verkahring karlmannsins, og sú vinna sem konurnar störfuðu mest við hefur færst inn á opinberar stofnanir, sem sagt leikskóla eða annars konar daggæslu, þá hafa karlmennirnir lítið fært sig yfir í svokölluð kvennastörf. Þó svo að umræðan um réttindi fedra hafi aukist til muna bæði erlendis sem og á Íslandi, þar sem heilmikil bragarbót hefur átt sér stað með nýju kerfi fæðingarorlofs, þá er enn heilmikið ósamræmi á milli kynjanna þegar kemur að uppeldi (Guðný Björk Eydal og Ingólfur V. Gíslason, 2008).

Markmið lagabreytinganna árið 2000 var að tryggja það að barn fengi samvistir bæði með móður og föður. Með þessum lögum átti að gera mæðrum og feðrum kleift að

samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Tilgangur með rannsókn Guðnýjar Bjarkar Eydal var að athuga hvort þessum markmiðum hefði verið náð, meðal annars með því að skoða áhrif þessara nýju laga með því að bera saman umönnun barna og atvinnuþátttöku foreldra fyrir og eftir að lögin tóku gildi. Einnig var markmiðið með rannsókninni að framkvæma stefnugreiningu á umönnunarstefnu á Íslandi frá samanburðarsjónarhorni. Rannsóknin var framkvæmd á tveimur tímamóntum, fyrri hluti rannsóknarinnar var framkvæmdur árið 2001 og sú seinni árið 2007. Miðað var við að börn foreldra, sem spurningalistakönnunin var lögð fyrir, væru orðin þriggja ára. Börnin í fyrri hluta rannsóknarinnar fæddust árið 1997 og í þeim seinni árið 2003 (Guðný Björk Eydal, 2007). Um niðurstöður rannsóknarinnar segir Ingólfur V. Gíslason:

Strax árið 2001 nýttu um 83% nýbakaðra fedra rétt sinn að hluta eða öllu leyti og tölur frá Tryggingastofnun ríkisins sýna að tæp 90% fedra hverfa af vinnumarkaði til lengri eða skemmri tíma til að sinna börnum sínum (Ingólfur V. Gíslason, 2007).

Foreldrar barna fæddra árið 2003 voru fyrstu foreldrarnir sem fengu að njóta fullra réttinda til níu mánaða fæðingarorlofs. Rannsóknin innihélt ekki spurningar um húsverk en hins vegar voru spurningar um hve margar klukkustundir foreldrar unnu úti ári áður en barnið fæddist og þrjú ár eftir að barnið kom í heiminn. Þessi mæling gaf vísbendingu um hvort breyting hafi orðið á þessu sviði eftir að nýju lögin tóku gildi. Fyrri hluti rannsóknarinnar sýndi að 76,4% mæðra og 83,7% fedra voru í launaðri vinnu ári áður en barnið fæddist. Tölur í seinni hlutanum voru mjög svipaðar, eða 75,6% mæðra og 84% fedra. Mjög fáar mæður unnu úti á fyrstu þremur mánuðum eftir fæðingu eða 1% í fyrri hlutanum og 2% í seinni. Mjög fáar mæður höfðu snúið aftur til vinnu eftir sex mánaða fæðingarorlof árið 1997 eða um 7% en hlutfallið hækkaði ört eftir sex mánuði og eftir fimmtán mánuði voru 62% mæðra farin á vinnumarkað. Hlutfallið í seinni hluta rannsóknarinnar var það sama (Guðný Björk Eydal, 2007).

Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd við Félagsráðgjafadeild Háskóla Íslands gerði rannsókn fyrir Leikskólasvið Reykjavíkurborgar um það hvernig reykvískir foreldrar höguðu umönnun barna sinna eftir að fæðingarorlofi lyki. Þátttakendur voru 878 foreldrar sem höfðu sótt um leikskóla eða þjónustutryggingu fyrir börn sín sem voru á aldrinu 0–5 ára. Rannsóknin var lögð fyrir þátttakendur rafrænt. Foreldrar voru spurðir út í hvernig þeir höguðu reglulegri umönnun barnsins frá sex

mánaða til tveggja ára aldurs. Helstu umönnunaraðilar yngstu barnanna voru foreldrar og ættingjar. Eftir því sem barnið eltist, eða á aldrinu 10–17, mánaða urðu dagforeldrar mun meira áberandi. Þegar börnin eltust enn meira verður hlutdeild ofangreindra aðila minni og leikskólinn verður meira áberandi og við tveggja ára aldur eru flest barnanna komin á leikskóla.

Í könnuninni var spurt út í tekjur á heimilinu, atvinnustöðu og menntun. Tæp 60% mæðra og 45% feðra höfðu lokið háskólaprófi. Fimmtungur svarenda gaf ekki upplýsingar um menntun en skýringin gæti verið sú að svarendur hafi þá verið hættir að svara spurningunum þar sem spurningarnar um menntun, atvinnu og tekjur voru þær síðustu. Þegar spurt var um atvinnu móður og föður var mikill munur á þeim sem áttu ung börn og þeim sem áttu aðeins eldri börn. Mæður voru einungis 40% í fullri vinnu á móti 77% feðra og aðeins 7% feðra var í hlutastarfi á móti tæplega 24% mæðra. Það sem vakti athygli var hversu hátt hlutfall mæðra var í námi eða tæplega 25% en aðeins 10% feðranna (Rannsóknarstofnun í barna og fjölskylduvernd, 2010)

## 1.8 Umönnun barna

Fjölskyldulíf og vinna kunna að virðast tveir ólíkir þættir en svo er ekki eins og kom í ljós í rannsókninni sem gerð var fyrir Leikskólasvið Reykjavíkurborgar. Ekki er alltaf jafnvægi milli þessara þátta (Rannsóknarstofnun í barna og fjölskylduvernd, 2010). Hér á eftir verður farið í nokkra þætti sem tengjast þessu.

Foreldrar voru spurðir út í nýtingu fæðingarorlofsins og kom í ljós að 96% mæðra fullnýttu rétt sinn á þriggja mánaða orlofi á móti 77% feðra. Nýting á sameiginlegum rétti til þriggja mánaða orlofs var í rúmlega 86% tilvika nýtt alfarið af móðurinni en í tæplega 5% tilvika nýttu foreldrarnir sameiginlegu mánuðina jafnt og í 8% tilvika nýtti faðirinn allan réttinn eða meirihluta hans.

Í rannsókninni var spurt út í nokkur atriði um hvernig foreldrar skiptu með sér tilteknum verkum varðandi umönnun barnanna. Þegar hlutdeild móður og föður er skoðuð má sjá að móðirin leikur mun stærra hlutverk í daglegri umönnun barnsins. Þegar kemur að því að leika við barnið þá skipta foreldrar því jafnt í tæplega 63% tilvika. Í rúmlega 50% tilvika skipta foreldrar jafn oft á barninu og í 58% tilvika gefa þau því jafn oft að borða. Þegar kemur að atriðum eins og að háttu barnið, vakna á nóttunni og fara með eða sækja börnin í gæslu þá var það undir 50% sem foreldrarnir skiptu því jafnt á milli sín. Þegar þessar tölur eru skoðaðar ber að hafa í huga að í 18%

tilvika bjuggu börnin hjá einstæðum mæðrum. Til að sjá hvernig þetta skiptist hjá börnum sem bjuggu hjá báðum foreldrum voru skoðaðir sömu hlutir hjá foreldrum í sambúð, hjónabandi eða staðfestri samvist og kom þá í ljós að þeir skiptu verkunum jafnar á milli sín (Rannsóknarstofnun í barna og fjölskylduvernd, 2010).

Munurinn á hlutdeild minnkar ef aðeins er tekið tillit til foreldra í sambúð eða hjónabandi en þó er hlutdeild mæðra meiri en feðra í þeim hópi. Þegar feður svöruðu spurningalistakönnuninni var hlutdeild þeirra meiri en í svörum mæðra. Áætla má að ástæða þess sé að þeir feður hafi tekið meiri þátt í umönnun barns en þeir feður sem ekki svöruðu (Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd, 2010).

Í rannsókn Auðar Örne Arnardóttur voru niðurstöðurnar þær að því lengur sem feður voru í óskiptanlegu fæðingarorlofi því jákvæðari voru þeir í öllum spurningum tengdum fæðingarorlofi og umönnun barnsins. Einnig kom í ljós að því yngri sem feður voru því jákvæðari voru þeir gagnvart því að taka fæðingarorlof og að það yki skilning á þörfum barna þeirra. Mæður sáu um rúm 60% af heildarumönnun barna en feður tæplega 40%. Eftir að fæðingarorlofi lauk var skiptingin óbreytt (Auður Arna Arnardóttir, 2008). Á hinum Norðurlöndunum eru tölurnar svipaðar en þar sjá konur um 60% heimilisstarfa en karlar 40%, en þar er að vísu um öll heimilisstörf að ræða en ekki einungis barnaumhyggju (Ingólfur V. Gíslason, 2007).

Ýmsir fræðimenn hafa bent á að feður taki þátt í lífi barna á fleiri vegu en að leika við þau. Lamb og Lemonda (e.d.) telja að mæður og feður hafa ólík samskipti við börnin sín, en margt er þó líkt með þeim, báðir foreldrar hafa hvetjandi áhrif þegar þau leika við börn sín og einnig bregðast bæði kynin við því ef börnin þeirra gráta eða brosa. Þeir feður sem taka fæðingarorlof virðast taka meiri þátt í lífi barna sinna (Guðný Björk Eydal, 2007).

Samnorræn rannsókn, BASUN, sem stendur fyrir „Barnæska og samfélagsumbreytingar á Norðurlöndum“, sýnir að íslenskir feður taka minni þátt í uppeldi þar sem þeir hafi minni tíma fyrir börnin sökum mikillar vinnu (Baldur Kristjánsson, 2006).

## **2 Framkvæmd rannsóknar**

Í þessum kafla verður útskýrt hvernig framkvæmd rannsóknarinnar fór fram, sagt frá markmiðum rannsóknarinnar, vali á þátttakendum ásamt lýsingu og eigindlegar rannsóknaraðferðir kynntar. Því næst verður fjallað um aðferðina sem rannsakendurnir notuðu við gagnasöfnun og greiningu lýst. Að lokum verður farið út í takmarkanir rannsóknarinnar.

### **2.1 Markmið rannsóknar**

Það sem rannsakendur höfðu í huga þegar farið var af stað var að komast að því hvort annað kynið væri ríkjandi í ýmsum ákvörðunartökum og undirbúningi þegar kom að atriðum varðandi barneignir. Meginmarkmið rannsóknarinnar var að fá upplýsingar og hvernig foreldrar höguðu undirbúning á meðgöngu, veraldlegum undirbúningi sem og huglægum. Einnig vakti forvitni að komast að því hvernig fólk skipti með sér fæðingarorlofi og hvaða þættir höfðu áhrif á skiptingu þess. Að lokum var sérstök áhersla lögð á að komast að því hvernig foreldrar brúuðu bilið á milli fæðingarorlofs og þegar leikskólaganga barnsins hófst og hvaða úrræði þeim fannst vanta varðandi daggæslu barna þeirra. Lögð var sérstök áhersla á að skoða kynjamuninn á þessum ofangreindu viðfangsefnum þar sem málið var skoðað út frá tveimur sjónarhonum, móður og föður.

### **2.2 Eigindleg rannsóknaraðferð**

Í þessari rannsókn er notast við eigindlega rannsóknaraðferð þar sem hún hentar vel til öðlast innsýn í veruleika viðmælenda og kanna skoðanir þeirra og upplifanir á viðfangsefni rannsóknarinnar. Eigindleg rannsóknaraðferð er frábrugðin meginlegri rannsóknaraðferð að því leiti að að notast er við minna úrtak og fleiri breytur. Rannsakandinn er í raun og veru rannsóknarverkfærið og er ekki hlutlaus. Í eigindlegri rannsóknaraðferð er ekki leitast eftir einum sannleika heldur hefur rannsakandinn það að leiðarljósi að skoða þann sannleika sem viðmælandi leggur í upplifanir sínar, þar af leiðandi er verið að skoða marga sannleika. Niðurstöðurnar hafa ekkert alhæfingagildi þar sem þær endurspeglar aðstæður og viðhorf viðmælenda á því tímabili sem



rannsóknin er framkvæmd. Eigindleg rannsóknaraðferð er notuð til þess að öðlast dýpri skilning inn í veruleika ákveðin hóps fólks með tilgang rannsóknarinnar í huga (Esterberg, 2002). Í þessari rannsókn var skoðaður hópur fólks sem nýlega var búin að eignast barn.

### 2.3 Lýsing á viðmælendum og val á þeim

Í rannsókn þessari var notast við markmiðsúrtak en það er úrtak sem notað er þegar skoða á ákveðnar aðstæður. Dómgreind skiptir máli þegar val á þátttakendum á sér stað (Esterberg, 2002). Það sem skipti máli þegar kom að vali á þátttakendum rannsóknarinnar var að þau þurftu að hafa eignast barn á síðustu tveimur árum og vera í sambúð.

Jóna er 23 ára, hún er í námi til BS prófs við félagsvísindadeild Háskóla Íslands. Jóna er búin að vera í sambandi í 4 ár með barnsföður sínum en þau eignuðust sitt fyrsta barn snemma á þessu ári og er það þriggja mánaða gamalt. Jóna hyggst útskrifast næsta vor. Kærasti Jónuheitir Torfi og er 24 ára, hann er búin að vera ríkisstarfmaður síðasliðin 3 ár. Hann hefur lokið við námskeið sem gefur honum aukin starfsréttindi. Torfi hefur nýlega stofnað sitt eigið netfyrirtæki ásamt vini sínum.

Friðrikka er 24 ára, hún er í námi til BA prófs á Menntavísindasviði við Háskóla Íslands. Friðrikka er búin að vera gift í tvö og hálf ár. Friðrikka og eiginmaður hennar eignuðust sitt fyrsta barn í byrjun ársins 2011 og er það um 5 mánaða gamalt. Hún hyggst útskrifast næsta vor. Maðurinn hennar heitir Jónas og er 34 ára gamall, tölvunarfræðingur að mennt og vinnur við það hjá einni af bankastofnunum á Íslandi í fastri vinnu. Þau eru búin að vera gift í 2 og hálf ár en búin að vera saman í þrjú ár.

Ragnar er 26 ára, hann vinnur sem dagpabbi með félagu sínum. Ragnar vann á leikskóla áður en hann eignaðist barnið sem fæddist seinniparts árs 2009 og er hans fyrsta barn. Ári áður en barnið fæddist vann hann einnig hlutastarf á heimili fyrir fatlaða og hélt áfram að vinna þar 50% vinnu með fæðingarorlofinu. Ragnar er trúlofaður og hefur verið í sambandi með barnsmóður sinni í 3 og hálf ár. Barnið er 21 mánaða gamalt og er að byrja á leikskóla núna í haust. Hann byrjaði sem dagpabbi um áramótin 2010–2011 og hætti þá í hlutavinnunni. Plan Ragnars er að halda áfram sem dagpabbi

eftir að barnið hans fer á leikskóla. Unnusta Ragnars heitir Margrét og er 23 ára, barnið er einnig hennar fyrsta barn. Hún er í námi til BS prófs á félagsvísindasviði og lýkur eftir næstu önn. Margrét vinnur á skrifstofu á stofnun hjá Háskóla Íslands, þar vinnur hún sumarstarf og mun halda áfram með skóla og svo væntanlega fær hún vinnu þar að námi loknu. Margrét er mjög virk í félagslífinu í skólanum.

Magnús er 25 ára, hann útskrifaðist í fyrra með BS gráðu í viðskiptafræði og notar menntun sína í starfi sínu en hann er nýlega byrjaður hjá fyrirtækinu sem er einkarekið fyrirtæki. Magnús eignaðist sitt fyrsta barn með unnustu sinni í lok síðasta árs, barnið þeirra fæddist fyrir tímann eða á 34. viku og hefur braggast vel. Magnús og Lára unnustan hans eru búin að vera saman í átta ár. Lára er með BS gráðu í sálfræði og einnig lauk hún kennsluréttindum til kennslu á framhaldsskólastigi og grunnskólastigi stuttu eftir að barnið hennar fæddist. Þetta er þeirra fyrsta barn. Lára kláraði námið í vor og er það óráðið hvort Lára fari á vinnumarkaðinn eða haldi áfram í námi á næstunni.

Rakel er 24 ára, hún á þrjú börn börn með eiginmanni sínum, Tómasi, en öll börnin eru á aldrinum sex mánaða til fimm ára. Rakel hefur verið heimavinnandi frá því hún átti fyrsta barnið en fyrir það vann hún á leikskóla og kláraði nokkur fög í framhaldsskóla. Tómas er 28 ára, hann vinnur sem bílstjóri og er einnig búin með nokkur fög í framhaldsskóla.

#### **2.4 Viðtalsvísir**

Í rannsókninni var notaður viðtalsvísir sem farið var eftir til þess að tryggja að ákveðnir þættir kæmu fram í viðtalinu sem rannsakendum þóttu mikilvægir, einnig til að ákveðið samræmi væri á milli viðtala þar sem rannsakendur voru tveir. Uppbygging viðtalsvísisins var þannig að byrjað var á bakgrunnsspurningum, því næst farið út í þau atriði sem átti að rannsaka og urðu svo að þemu rannsóknarinnar, ákvörðunartöku barneiga, undirbúningi á meðgöngu, skipingu fæðingarorlofs og hvernig þörin ætluðu að brúa bilið.

## 2.5 Gagnaöflun

Rannsóknin hófst í byrjun sumars 2011, tekin voru hálf opin viðtöl við fimm pör, tvö voru gift og þrjú voru í sambúð. Öll pörin áttu það sameiginlegt að eiga börn á aldrinum þriggja mánaða til tveggja ára. Viðtölin tóku flest hálf tíma til klukkutíma. Viðtölin fóru fram á heimilum viðmælenda rannsóknarinnar og tekin voru einstaklingsviðtöl þar sem hinn einstaklingur parsins var ekki viðstaddur. Rannsakendur voru tveir, þeir höfðu samstillt sig um ákveðinn viðtalsvísi sem fjallað var um hér fyrir ofan. Rannsakendur upplýstu viðmælendur sína um viðfangsefni rannsóknarinnar og að fyllsta trúanaðar yrði gætt. Vinnsla gagnanna var sameiginleg þar sem rannsakendur greindu gögnin samhliða gagnasöfnuninni, þeir kóðuðu gögnin með það að leiðarljósi að uppgötva mikilvæga þætti sem komu fram í viðtölunum og flokka þá í ákveðin þemu.

## 2.6 Gagnavinnsla

Viðtölin voru tekin upp á rafrænan hátt og síðan afrituð orðrétt. Úrvinnsla gagnanna var gerð samhliða gagnasöfnuninni. Viðtölin voru marglesin yfir og greind með það að leiðarljósi að uppgötva mikilvæga þætti sem komu fram í viðtölunum og flokkuð í ákveðin þemu, þemun skiptust í fjögur yfirþemu. Ákveðið var að skipuleggja niðurstöðukaflana í tímaröð viðtalsins til þess að aðgengilegra væri að lesa niðurstöðurnar. Þau atriði sem stóðu upp úr eftir greiningu og skiptist í meginþemu voru: ákvörðunartaka barneigna, undirbúningur fyrir barnið, skipting fæðingarorlofs og hvernig pörin ætluðu að brúa bilið eftir lok fæðingarorlofs og þegar barnið byrjar á leikskóla. Í niðurstöðu kaflanum verður farið í hvert þema fyrir sig með beinum tilvitnunum frá viðtölunum við viðmælendur og útskýringum frá rannsakendum.

### 3 Niðurstöður rannsóknar

Í þessum kafla munum við kynna niðurstöður rannsóknar okkar. Rannsókninni var skipt í fjögur þemu út frá gögnum hennar. Fyrsta þemað er ákvörðunartakan að eignast barnið, hver stakk upp á því eða hvort stungið var upp á því af einhverju leiti. Annað þema er allt það sem við kemur undirbúningi á meðgöngu, þar verður skoðað hvort foreldrið var virkara í því að undirbúa veraldlegu hlutina fyrir komu barnsins, einnig verður athugað hvort foreldrið er virkara í að afla sér upplýsinga um barnið. Þriðja þemað verður svo fæðingarorlofstaka foreldra, hvernig skiptingu þess er háttað hjá foreldrum. Í þessu þema er einnig farið í það hvernig viðhorfið er í kringum nýju foreldrana við töku fæðingarorlofs og hvaða skoðanir þau hafa á fæðingarorlofskerfinu og fleira. Fjórða og síðasta þemað er hvernig foreldrar ætla að brúa bilið á milli fæðingarorlofs og þegar barnið byrjar í leikskóla.

#### 3.1 Ákvörðunartaka

Viðmælendur voru spurðir í byrjun viðtals um ákvörðunartöku, hvort þau ákváðu með beinum hætti að eignast barn og hvers vegna. Forvitnilegt var að komast að því hvort munur var á þessum pörum sem höfðu ákveðið að eignast börn og hjá pörum sem eignuðust börn sem ekki voru á áætlun, þegar kom að því að skoða undirbúning á meðgöngu og hvenær þau fóru að hugsa út í hvernig skiptingu fæðingarorlofs yrði háttað. Einnig var spurt út í hvor aðilinn hafði frumkvæði þegar kom að ákvörðunartökunni um barneignirnar.

##### 3.1.1 Tilkoma barnsins

Misjafnt var hvort viðmælendurnir höfðu ákveðið að eignast börnin sín eða þau hafi komið óvænt. Jóna og Torfi tóku meðvitaða ákvörðun um að koma ekki í veg fyrir þungun. Barn Margrétar og Ragnars kom mjög óvænt, Ragnar var strax ákveðinn í að hann vildi barnið, Margrét var einnig ákveðin en þetta var þó aðeins meira áfall fyrir hana í byrjun. Hjá Friðrikku og Jónasi var þungunin óvænt en mjög velkomin enda á framtíðaráætlun hjónanna. Lára og Magnús höfðu ákveðið að bíða með að eignast barn þangað til þau höfðu klárað grunnnám í háskóla, en þau eru tiltölulega nýútskrifuð með grunngráðu og barnið kom hálfu ári eftir útskrift. Að lokum eru það Rakel og Tómas,

Þau eignuðust sitt þriðja barn en öll börnin eru undir grunnskólaaldri. Barnið kom óvænt undir, Rakel tók vel í þetta enda hafði hún sagt að hún hafi séð sig fyrir sér með þrjú börn og þótti barnið velkomið þó þungunin hafi ekki verið á framtíðaráætluninni strax. Aftur á móti tók Tómas þessu ekki eins vel þar sem hann var ekki tilbúinn í þriðja barnið strax að hennar sögn.

Parið Torfi og Jóna voru tilbúin að eignast barn, þó hafði Torfi nokkuð frumkvæði að hennar sögn:

ehh Torfi eiginlega meira en það var samt svona eiginlega sameiginlega í lokin, fyrst átti hann hugmyndina en við eignuðumst hana ekkert næstum því strax eftir það, en svo var þetta eiginlega bara sameiginlegt þegar við ákváðum að ég væri ekki á getnaðarvörn lengur.

Jóna)

Torfi var aftur á móti á þeirri skoðun að ákvörðun hefði verið jöfn:

Það var meira svona bæði bara, kom einhverntíman upp og þá byrjuðum við að spjalla aðeins um það og það var ekkert meira einn eða ég var ekkert með meira frumkvæði en Jóna eða ekki, nei ég held ekki [...] Okkur langaði að eignast barn en það var samt ekki tekin ákvörðun um það síðan ákváðum við að ekki reyna að koma í veg fyrir það og síðan bara var það.

(Torfi)

Margrét og Ragnar höfðu ekki verið lengi í sambandi þegar barnið kom undir. Ragnar var fljótur að meðtaka það og verða spenntur fyrir komu barnsins:

Ég var bara hissa, eins og ég sagði við Margréti að mér hafi alltaf langað svo í barn, ég tók þessu bara fagnandi sko, ég var alltaf búin að segja að draumurinn var að verða pabbi allavega fyrir tuttugu og fimm.

(Ragnar)

Þegar Ragnar var spurður út í hvort þeirra hafði verið ákveðnara í að eiga barnið þá sagði hann „Pottþétt ég“.

Margrét var aðeins meira efins þó svo hún hafi ákveðið að eiga barnið strax samt sem áður var hún jákvæð og fór strax í athuga með styrki og annað þar sem hún var í námi:

Kannski í byrjun var ég aðeins meira efins, þó ég væri strax búin að ákveða að eiga barnið, þá var samt svona frekar, í byrjun meðgöngunnar var ég þínu efins af því að ég hafði áhyggjur hvernig þetta myndi fara með skólann minn og hvort peningarnir yrðu nægir og hvernig ætti að skipuleggja þetta allt saman og þá var Ragnar meira svona „Jújú þetta reddast”. Og var meira að detta í það að gulltryggja það fyrir mér að ég gæti alveg haldið áfram í skólanum og athugaði með fæðingarstyrkina og hvernig við gætum gert allt saman og svona. Í fyrstu var ég smá efins en svo var ég bara mjög spennt og hætti að hafa áhyggjur af þessu og hugsaði að þetta reddaðist allt, það er hægt að redda öllu.

(Margrét)

Hjónin Friðrikka og Jónas höfðu það á framtíðaráætlun sinni að eignast börn þó það væri ekki á döfinni. Friðrikka hafði ákveðið að reyna að klára skólann áður en hún myndi eignast börn:

Við vorum alltaf búin að ákveða að eignast börn, einhvern tímann, kannski þegar ég væri búin með skólann.

(Friðrikka)

Jónas sagði þetta hafi ekki verið ákveðið en ekki komið á óvart:

Nei við ákváðum það ekki svona fyrirfram, en maður veit hvað maður er að gera, maður veit hverju maður á von á, hvað getur gerst.

(Jónas)

Hjónakornin Rakel og Tómas áttu þrjú börn og eignuðust þau með frekar stuttu millibili, þungunin af yngsta barninu var óvænt en ekki hafði verið í döfinni að eignast það strax. Rakel var þó jákvæðari að hennar sögn:

[...]mér brá rosalega núna þegar ég komst að því að ég var ólétt samt rosalega glöð en það var ekki alveg á planinu strax sko [...]

(Rakel)

Vegna þess að Tómas var ekki tilbúinn strax í þriðja barnið þá virtist hann fremur áhugalaus á meðgöngunni:

[...]núna þessa meðgöngu þú veist hann var ekki tilbúinn í að gera þessa hluti með mér eins og það ég fór í 20 vikna sónarinn og ég var

að fara vita kynið og svona og hann var ekkert að reyna að koma með mér þannig ég tók mömmu

(Rakel)

Þegar Tómas var spurður út í ástæðuna fyrir að þau að eignast börn í byrjun:

okkur langaði bara í börn, afkvæmi náttúrulega hún stakk upp á því og ég bara allt í lagi.

(Tómas)

Lára og Magnús ákváðu að bíða með að eignast börn þar til þau luku grunnnámi:

Jú við ákváðum, en við vorum bæði að klára sem sagt grunnnámið, hann bs og ég ba og við náttúrulega, búið að vera lengi í gangi að okkur langaði í börn

(Lára)

Lára átti frumkvæðið þegar kom að því að stinga upp á barneignum en með tímanum varð Magnús alveg jafn spenntur og hún fyrir því að eignast barn:

Lára var alltaf svona meira, svona tilbúin fyrr sko, en svo held ég að þetta hafi verið sameiginleg ákvörðun á endanum í lokaákvörðuninni. Hún var alltaf kannski, beið meira eftir mér því mér fannst mikilvægt að klára skólann sem við erum svo bæði rosalega fegin að hafa gert eftirá sko, þetta hefði verið erfitt í miðju námi sko.

(Magnús)

Flestir viðmælendurnir voru jákvæðir og þær mæður sem voru ennþá í námi lögðu áherlsu á að ljúka náminu sem fyrst og engin þeirra hugleiddi að hætta í náminu.

### **3.2 Undirbúningur á meðgöngu**

Í viðtölunum var spurt út í undirbúning á meðgöngu, það sem vakti fyrir spyrjendum var hvort kynjamunur væri á honum, bæði hvað varðar upplýsingaöflun og kaup á fötum og vörum fyrir barnið. Einnig var spurt út í að hvort þau hafi farið á einhver námskeið áður eða eftir að barnið fæddist, þar kom skýrt í ljós að feðrunum þótti þetta oft gagnlegra en mæðrunum. Í flestum tilfellum var móðirin virkari á þessum sviðum, þær sönkuðu að sér upplýsingum og upplýstu oftast menn sína með ákveðnu efni sem þær höfðu valið, sem þeim þótti gagnlegt mönnum sínum. Samt sem áður voru flestir feðurnir virkir og voru mæðurnar oftast ánægðar með áhuga þeirra. Þó var þetta jafnt hjá einu pari, þar nefndu þau að hún hafi verið virkari í því að fræðast um meðgönguna en hann kannski

virkari í uppeldisfræðunum. Hjá einu pari var þetta ójafnt en þar sá móðirin alfarið um upplýsingaöflun og allan undirbúning á meðgöngu, hvort sem það voru fatainnkaup eða hlutir fyrir barnið.

### 3.2.1 Undirbúningsnámskeið

Tvö paranna höfðu ætlað sér að fara á undirbúningsnámskeið en komust ekki á seinustu stundu en tvö pör fóru á undirbúningsnámskeið í sínu hverfi eða bæjarfélagi. Feðurnir töluðu meira um hvað þeim þótti námskeiðin gagnleg.

Það var bara mjög fínt, það var samt alveg þreytandi sko en þetta var alveg helling af góðum upplýsingum sem kom fram og fullt sem maður lærði sem maður vissi ekkert af. Þetta var meira svona fyrir Jónu þú veist hvernig á að halda á henni gefa á brjóst og svona, ekkert svona sem ég endilega er að fara að gera skiluru en það var alveg helling sem kom fram sko.

(Torfi)

[...]mér fannst gott að hafa farið á þau sérstaklega þarna fæðingarnámskeiðið, maður hefur náttúrlega séð brjóstagjöf í gegnum tíðina en maður hafði aldrei upplifað fæðingu, það var nú ágætt að fá aðeins forsmekk að því, hvað í rauninni var að gerast og í gangi á meðan og það var mjög gaman. Og hitt var gott líka sko varðandi tæknina við að gefa brjóst, þú veist að vera meðvitaður um hvað er verið að gera.

(Jónas)

Þetta voru einhver tvö kvöld, þetta var bara fínt en þetta var samt voðalega svona æji maður vissi þetta eiginlega allt þetta var svoldið svona imba.

(Jóna)

### 3.2.2 Upplýsingaöflun á meðgöngu.

Í flestum tilfellum voru mæðurnar virkari í að afla sér upplýsinga, hvort sem það var á veraldavefnum eða með lestri bóka.

Já ég las eina bók, ég man ekki hvað hún heitir hún var ný gefin út þetta er svona, jú hérna svona barnahandbókin eða eitthvað svona alveg svona stór þykk um allt



(Jóna)

Netinu, rosa mikið, ég hérna, jú ég tók einhverjar bækur, einhverjar þú veist, Konur með einn í útvíkkun fá enga samúð og eitthvað svona, Meðgöngubókina en ég skilaði þeim bara fljótt, þetta var svo úrelt, ég las mest á netinu ljósmóðir.is og svona. Ég var alltaf að segja honum frá því, „Sko ég var að lesa, sko ég var að lesa”. Svo var hann alveg farinn að koma svona „Nú hefur þú lesið svo mikið, hefur þú einhvern tímann heyrt þetta?”.

(Friðrikka)

Sko ekki með fyrsta barn, fyrsta barn þá var ég náttúrulega frekar ung þannig ég var eiginlega bara einhverstaðar í loftinu sko, en hérna það var kannski meira með þau tvö yngri sem ég var lesa eitthvað aðeins á netinu og svona en ég hef ekkert verið að lesa mikið af bæ bókum sko.

(Rakel)

En þegar Rakel var spurð út í hvort maður hennar hafi lesið eða spurt hana út í upplýsingar þá sagði hún hann ekkert hafa spurt né lesið og að hún hafi séð alfarið um upplýsingaöflun.

Já ég var áskrifandi að síðu á netinu, ég fékk upplýsingar af netinu, nokkrum síðum, einhverjum þremur sem ég var inni á og ég forwardaði því alltaf til hans, alltaf „Sjáðu hvað er í gangi núna”. Og þannig að við svona lásum það og svo náttúrulega meðgöngubókin, ég keypti mér hana og já við lásum soldið mikið og mikið hvað væri í gangi í hverri viku og hverju maður mætti búast við og svona, við vorum soldið spennt með það.

(Lára)

Þegar mennirnir voru spurðir voru svörin misjöfn .

Nei, bara svona sem hún sýndi mér, var ekkert að leita sjálfur.

(Jónas)

Þó hafði hann áhuga:

Það var örugglega bara misjafnt eða eftir því hvernig maður var stemmdur hverju sinni sko, þannig að maður reynir allavega að hafa áhuga og hefur hann náttúrulega þó maður sýni það ekki alltaf.

(Jónas)

neeh eitthvað smá á netinu en ekki bækur og það var allskonar hvernig þú átt að láta barnið ropa og hvað þú átt ef hitt og þetta sem kom upp þá fletti maður því bara upp

(Torfi)

já Lára var mikið á svona síðum sérstaklega á meðgöngutímabilinu þú veist hvernig barnið er að stækka, hvað það á að vera orðið stórt núna, hvað er að gerast og þróast og svoleiðis það var mjög skemmtilegt, sérstaklega í ljósi þess að ég á enginn yngri systkini sko þannig ég hef aldrei alist upp með litlu barni sko þannig það var mjög gaman fyrir mig að sjá svona hvernig, hvernig þetta kom til sko

(Magnús)

Tómas aflaði sér engra upplýsinga og svarði hann neitandi öllum spurningum sem tengdust upplýsingaöflun.

Hjá Margréti og Ragnari var þetta mjög jafnt:

Ég varð húkt náttúrulega, ég gat ekki lært eða hitt vini mína eða neitt, ég var náttúrulega að lesa um meðgönguna og allt og maður náttúrulega fékk svo mikinn áhuga á þessu og fannst þetta allt svo bilaðslega spennandi, ég varð ekki vör við það að Ragnar hafi lesið neitt varðandi meðgönguna sjálfa en hann kynnti sér aðeins um fæðinguna en í rauninni undirbjó ég fæðinguna ekkert sérstaklega af því ég var þínu stressuð svona fyrir fæðingunni og taldi það best að vera ekkert að hugsa um það og fara bara með opinn huga inn í hana og bara sjá til hvað myndi gerast. En hvorugt okkar las bækur um uppeldi fyrr en eftir á að barnið kom, en mér fannst það bara fínt að gera það í fæðingarorlofinu þegar maður var að slaka á með honum og svona þá var maður með bækur, þá var maður líka með mestan áhuga, þá las maður kafla fyrir kafla.

Við lásum mjög mikið saman, ef eitthvað er þá er hann búinn að taka fram úr mér núna. Hann er að benda mér á og svona. Með meðgönguna þá var ég öll í þessu, svo meira þegar barnið kom þá jafnaðist þetta út, og líka starfs hans vegna þá hefur hann mikinn áhuga á þessu. Þó það fýkur stundum í mig þegar hann er að segja eitthvað, en ég veit að hann hefur rétt fyrir sér [hlátur] að það er ekkert sniðugt að gefa barninu súkkulaði rétt fyrir svefninn. Ég er meira svona skemmtilega foreldrið og hann er meira svona skipulagða foreldrið.

(Margrét)

Já ég er svo mikið nörd að ég fór beint á bókasafnið, Margréti fannst það svolítið fyndið. Þetta var ekkert rosalega mikið, þetta var held ég ein bók eða eitthvað. Síðan var það bara það sem við lásum saman þegar hann var fæddur, Draumalandið og svona.

(Ragnar)

### 3.2.3 *Kaup á veraldlegum hlutum fyrir barnið*

Sá hluti rannsóknarinnar sem snéri að almennum innkaupum fyrir barnið var mjög svipaður hjá þremur paranna en þar skipulagði móðirin listann og faðirinn fór eftir því eða keypti með móðurinni það sem hún var búin að skipuleggja. Það sem vakti athygli var að í öllum þessum tilvikum þá fóru annað hvort báðir foreldrar eða annað foreldrið til Bandaríkjanna og versluðu föt á barnið.

Þegar mæðurnar voru spurðar hvort þeirra var meira í finna og kaupa föt og hluti fyrir barnið svöruðu þær svipað, sama má segja með feðurna:

eh ég, við gerðum það samt saman því við vorum náttúrulega út í Bandaríkjunum þannig við gerðum alveg einhverja hluti saman því við vorum náttúrulega saman í búðunum en ég gerði meira af því.

(Jóna)

Sko við fengum rosalega mikið lánað, frá semsagt systur mannsins míns sem á strák sem er að verða 11 ára, rúm og vagn og svona, en við vorum samt svona rosalega svona já saman í þessu, svo fór Jónas til Bandaríkjanna síðasta haust, og þá sko var hann með lista, en þetta var þú veist, þetta var bara svona margar samfellur svona mikið af þessu og hinu, Og hann keypti og við höfum bara valið þetta saman sko.

(Friðrikka)

[...]sko hann fór út með vinnunni, sumt var ég búin að panta til þess að senda á hótelið og eitthvað svona, jú þetta var svona frekar skipulagt heldur en hitt sko

(Friðrikka)

Þegar Jónas var spurður út í hver var meira í því að finna og kaupa föt fyrir barnið svaraði hann:

Friðrikka, það er ekki spurning sko, svo tók ég að mér að kaupa aðeins, ég hérna fór til Bandaríkjanna á meðan að meðgangan var og hérna keypti fullt af dóti þar.

(Jónas)

[...]það var voðalega þægilegt, hún var búin að finna allt sem ég átti að kaupa samt. Eða svona megnið af því, hún gerði lista.

(Jónas)

Margrét sagði að hún hafi verið meira í því að kaupa og raða fötum en Ragnar unnusti hennar meira í græjumálunum:

Sko ég var ábyggilega miklu meira svona að kaupa fötin og ég var ábyggilega komin svona þrjá, fjóra mánuði á leið þegar ég var farin að flokka föt og brjóta þau saman og þvo þau og raða upp í skáp, ég var rosalega mikið að dunda, mér finnst það hafa verið mesta tengingin við það að vera að fara að taka á móti barni að vera að dúlla mér í því, en þegar Ragnar fór meira að meðtaka það að það væri að koma barn og eitthvað svona eða það fór að stytast í það þá fór hann meira í græjumálin, ég til dæmis enn þann dag í dag kann ekki að festa bílstól [hlátur] eða ég get klórað mig fram úr því, en hann var meira svona „Hvar fáum við vagn og hvernig rúm er best að kaupa”. Þó ég hafi alveg verið með í þeirri ákvörðun þá var hann meira svona á netinu og skoða, þú veist hvað eru öruggustu bílstólarnir og hvernig græjur á maður að vera með og allt svona, þannig hann var aðeins meira kannski í því svona tæknilegri hliðinni en ég var ábyggilega aðeins meira fataóð. En svo jafnaðist það meira svona út held ég síðasta mánuðinn og þegar hann fæddist þá vorum við bæði jafn mikið að kaupa dóterý og svona.

(Margrét)

Ragnari fannst þetta þó allt vera jafnt:

Ég held að það hafi bara verið jafn mikið, ég man ekki eftir neinu svona sérstaklega, aðallega undir lokin þegar þetta var að gerast þá var maður orðinn svo spenntur þá fór maður bara hringja í kunningja, ég vildi líka eiginlega kaupa allt svona nýtt og eitthvað af því ég er svo kaupóður.

Þetta hefur frá byrjuninni gert að mestu megni saman sko.

(Ragnar)

Í tilfalli Láru og Magnúsar var Lára virkari í því að finna föt fyrir barnið en Magnús sá alfarið um kaupin vegna utanlandsferðar, Lára þurfti að vera mjög róleg og halda kyrru fyrir heima vegna lágstæðrar fylgju:

Það var meira ég, og ástæðan fyrir því var að hann var að vinna rosalega mikið. Hann byrjaði að vinna, ég varð ólétt í maí, og hann byrjaði að vinna í fullu starfi í júní strax eftir bara útskrift og mitt nám var þannig að ég var rosa mikið bara að hanga heima og svo lenti ég náttúrulega að vera föst heima. Þannig að allir mínir dagar fóru í að fletta upp á netinu að því hann fór til Flórída í október, þá var ég bara búin að búa til bók [hlátur]. Þannig að það var kannski ekki alveg eðlilegt miðað við marga aðra að þá var það ég frekar. En hann sá frekar um að kaupa hlutina, ég sá um að segja hvað þyrfti og hann keypti af því hann fór til útlanda.

(Lára)

Magnús átti það sameiginlegt með Ragnari að hann sá um græjumálin en hann sá um að kaupa vagn:

ehh Lára var svo mikið heima, hún náttúrulega var lögð þannig hún var rúmliggjandi í svolítinn tíma áður en strákurinn fæddist þannig hún var mikið að lesa á netinu og finna hvað væri gott að kaupa og svona og svo fór ég til Orlando svoldið áður en hann fæddist þá keypti ég rosa mikið, ætli ég jafi ekki séð um að kaupa mikið af hlutunum og hún svona undirbúa og já svona undirbúa og ákveða hvað ætti að kaupa og svoleiðis svo var ég meira í að versla og ná í það. Eins og barnavagninn, ég fann barnavagninn, okkur fannst barnavagnar svo dýrir hérna á Íslandi. Þannig ég fór á hálfgert barnaland í Svíþjóð þabbi hennar býr þar og græjaði, keypti nánast nýjan barnavagn á undir 30 þús úti og hann tók hann með næst þegar hann kom heim þannig að ég var svona já í að græja hlutina það sem vantaði sko

(Magnús)

Undantekningin hjá viðmælendunum rannsóknarinnar var parið Rakel og Tómas en þar sá Rakel einnig alfarið um öll innkaup sem tengdust börnunum en hún keypti ekki fyrir barnið fyrr en það var fætt:

Ég, við sko keyptum reyndar eiginlega engin föt, ég er rosa hjátrúafull ég vildi eiginlega ekkert vera að kaupa fyrir en barnið var fætt

(Rakel)

en hérna það var samt ég sem fór og valdi rúmið og valdi alla þessa hluti sko þú veist, hann veit örugglega ekkert hver, hvort þau eiga þetta eða hvort þeir séu í láni eða hann veit ekki neitt þannig

(Rakel)

#### 3.2.4 *Upplýsingar frá ættingjum*

Misjafnt var hversu miklar upplýsingar viðmælendur gátu fengið frá ættfólki en það voru að mestu leiti mæðurnar sem sóttust beint eftir upplýsingum frá ættingjum,

já já já alveg fullt aðalega hjá mömmu.

(Jóna)

Já líka eftir að hún fæddist bara þá tala ég bara við mömmu, mér finnst það best.

(Jóna)

Lára fékk upplýsingar hjá mömmu sinni og tengdamömmu, einnig átti hún vinkonu sem eignaðist barn um svipað leyti og hún, en þær ræddu mikið saman:

Já ég var alveg að því sko, tala við mömmu og tala við tengdó og svona, það var alveg gaman sko og vinkona mín var ólétt á sama tíma og átti í janúar, hún átti einmitt að eiga í febrúar en átti í janúar, við spjölluðum mjög mikið saman og hún sagði mér hvað mamma hennar hafði verið að segja og allskonar og hún á mörg börn, þannig að ég spjallaði mikið við þær.

(Lára)

Margrét fékk ekki mikið af upplýsingum frá móður sinni en aftur á móti fékk hún upplýsingar frá frænku sinni einnig notaði hún internetið:

Nei, ég átti eina frænku sem var nýbúin að eiga, ég spurði hana dálítið mikið, ég spurði mömmu mína um þetta en ég fékk alltaf svarið „Æj það er svo langt síðan að ég gekk í gegnum þetta, ég man þetta ekki, þetta var allt öðruvísi þegar ég var ung, maður var ekkert að spá í þessu”. Hún var meira aðalega að róa mann þegar maður varð eitthvað órólegur, maður var alltaf að ímynda sér það versta þá sagði hún „Ég gekk með tvö börn og maður fær allskonar verki”. Annars var maður

ekki mikið að ræða þetta, ég var eina í vinahópnum, fyrsta barnið hjá báðum ömmum og öfum, það voru fá börn í kringum mig. Ég hafði engan til að tala við, það var aðalega bara bækurnar og youtube líka, ég fann einhverja konu á youtube sem var að blogga svona viku fyrir viku, þetta var svona samtímafrásögn, nákvæmlega hvernig þetta allt var, með verki og svona.

(Margrét)

### 3.3 Fæðingarorlof

Viðmælendur rannsóknarinnar voru spurðir út í hvenær þau fóru að huga að því hvernig þau ætluðu að skipta fæðingarorlofinu á milli sín eða hvort þau ætluðu að gera það og hvernig því yrði háttáð. Spurt var út í viðhorf fólks í kringum þau, vinnuveitendur og aðstandendur. Að lokum var spurt hvort þau vildu breyta fæðingarorlofskerfinu á Íslandi. Fjórir feðurnir tóku fæðingarorlof en einn þeirra tók það ekki, tveir tóku sína mánuði ásamt sameiginlegu mánuðina en tveir þeirra tóku bara sína þrjá mánuði.

#### 3.3.1 Hugað að fæðingarorlofi

Flest þörin fóru að hugsa um fæðingarorlofið frekar snemma á meðgöngunni en endanleg ákvörðun var oftast tekin frekar seint. Flest þörin lögðu áherslu á að fá sem mest út úr fæðingarorlofinu, fjárhagslega og tímalega séð. Algengt var að áhersla væri lögð á að þau yrðu saman fyrst eftir fæðingu barnsins. Efnahagsleg áhrif höfðu einnig mikið um að segja hvernig fæðingarorlofinu var háttáð.

Það var bara held ég, hafi bara verið alveg þegar við vorum komin daldið langt, við ákváðum strax að við myndum taka þrjá mánuði bæði á sama tíma. Og síðan út frá því reiknuðum við hvað ég var að fá fyrir vinnuna mína með því að vera keyra út af því að það var búið að ákveða að ég á að vera í dagvinnu fyrir jóla og við reiknuðum bara út hvað ég væri að fá ef ég væri frí og ef ég væri ekki í frí og mismunurinn er bara 10 þúsund kall þannig ég væri í rauninni að vinna í 20 daga fyrir 10 þús kall. Síðan hentar það bara ágætlega því að Jóna er að fara í skóla og verður í prófum og eitthvað, þá getur hún verið að einbeita sér í því meðan ég er með hana.

(Torfi)

Kannski ekki alveg strax í byrjun, kannski fimmta mánuði þá fórum við að þæla í þessu, við ákváðum bara strax að við vildum vera saman í fæðingarorlofi fyrstu þrjá mánuði, það sem spilað daldið stórt í það

að ég vildi halda áfram í skólanum, ég stoppaði aldrei, tók mér aldrei pásu. Við skiptum því þannig að Ragnar var í 50% vinnu með fæðingarorlofinu þá náði hann að drýggja það í heilt ár. Fæðingarorlofið mitt var bara fyrstu 3 mánuðina en hann var í eitt ár, og hann tók rest.

(Margrét)

Hún náttúrulega var í skólanum og ég þurfti að vera heima á daginn, þannig að það hentaði þannig að breyta vinnunni og svo var ég að vinna í 50 % öll kvöld og helgar, það hentaði þannig.

(Ragnar)

Gríðarlega mikil skipulagning með þetta blessaða fæðingarorlof. Ég fæ fæðingarstyrk[...] og ég tek það þú veist bara fyrstu sex mánuðina hennar. [...]Hjá honum hinsvegar er það svolítið mikið þúsluspil, ekki vegna þess að fyrirtækið sé, alls ekki fyrirtækið, það erum bara við að fá sem mest út úr því. [...]Þegar við vissum að ég væri ólétt þá var ég að vinna á sambýli, þá tókum við ekkert sumarfrí, ekki neitt. Jú kannski í maí í kannski viku. Þannig að hann átti allt sumarfríð frá því í fyrra og hann tók það núna eða þegar Lóa fæddist. [...]Svo á hann eftir að fara í fæðingarorlof og hann fer í fæðingarorlof í júlí og ágúst á þessu ári og þá á hann sumarfríð eftir og það ætlar hann að nota um veturinn. Þá þarf ég að skrifa ritgerðir og svona. Og hann fær sem sagt meira fyrir sumarfríð á veturna heldur en á sumrin. [...]Þá verður hún orðin 16 mánaða. Þannig, fæðingarorlof á sumrin og sumarfrí á veturna.

(Friðrikka)

Við þurftum að skila öllum pappírnum fyrir 34.viku og við kláruðum það sjöunda desember man ég því þann áttunda fer ég af stað, sjöunda klukkan þrjú liggur við eða eittthvað, hann man þetta örugglega ekki jafnvel og ég [...] Ég tók sex og hann þrjá, hann er ekki búinn að taka sína, hann tók 50% í bara fimm vikur og hann á inni, við vorum einmitt að hringja, 71 dag og svo fengum við auka 20 af því hann var svo lengi á vöku og við ákváðum að hann myndi taka þá. En ég tók sem sagt sex mánuði og var að klára núna og fæ ekki neitt næstu mánaðarmót. Af því ég var sko á fæðingarstyrk námsmanna og hann var í vinnu, orlofi [...] við líka ákváðum að hann færi ekki alveg í 100% af því það var eiginlega ekki alveg hægt út af vinnunni og líka, ég var í fullu námi á meðan, þetta var þrisvar í viku, þrjá tíma í senn þannig að ég var mikið heima með hann og svo kom Magnús heim oft



í kringum þrjú þegar ég fór í skólann því skólinn minn var frá hálf fjögur til sex, þetta var erfitt fyrst en núna finnst manni það alveg þess virði að vera búin með námið annars hefði ég þurft að bíða í ár.

(Lára)

[...]það er í raun og veru alveg ómögulegt fyrir mig að taka 100% fæðingarorlof að því að það er kannski erfitt vinnunar vegna en það er ekki númer eitt tvö og þrjú það er eiginlega peninganna vegna líka sko. Að því að ég var í skóla og núll punkturinn er hálf ár aftur í tímann og þá taka þeir eitt ár eftir það og þá var ég ekki með neinar tekjur sko, þannig fæðingarorlofið rétt dugar fyrir leigu og bensíni á bílinn sko þannig það er kannski ekki hægt að lifa á því. Já ég frekar tek það eins og þegar hún fer í skólann þá verð ég bara í 30 % fæðingar orlofi eitthvað svoleiðis og verð heima bara þegar hún fer í skólann og þá hef ég náttla miklu lengri tíma. Ég tek sjálfsagt fæðingarorlof heilu daga, 100% í einhvern tíma en það verður örugglega bara svona tvær vikur og tvær vikur, reyna allavega að deila því eitthvað á móti vinnuni allavega

(Magnús)

já sko með fyrsta barn þá tók hann einhvern mánuð um leið og ég átti og hérna síðan tók hann ekki neitt og síðan tók hann ekkert með annað og ekkert með þriðja. [...]jehhh sko fyrsta barn þá tók ég sex og dreifði því í ár og annað þá tók ég líka sex og dreifði því í ár og núna tók ég 6 og dreifði í 9.

(Rakel)

[...]fyrsta barninu þá tók ég held ég mánuð og svo tvo mánuði seinna

(Tómas)

Þegar Tómas var spurður út í hvort hann hafi tekið fæðingarorlof með yngsta barnið svaraði hann að hann hafi starfað erlendis og það væri því hagstæðara að fara á atvinnuleysisbætur:

ég fór á atvinnuleysisbætur, fæðingarorlof. Af því ég fór til Noregs í einhvern einn og hálfan mánuð, það var eitthvað vesen að skrá mig í fæðingarorlof þannig ég fór bara á atvinnuleysisbætur frekar. [...]hefði það verið hægt þá hefði hún bara tekið allt saman

(Tómas)

### 3.3.2 Viðhorf

Viðmælendur rannsóknarinnar voru spurðir út í viðhorf fólks í kringum sig hvað varðar töku fæðingarorlofs og skiptingu þess. Misjafn var hvernig viðhorfið var.

Tómas maðurinn hennar Rakelar tók ekki fæðingarorlof og svaraði Rakel því þannig þegar hún var spurð út í viðhorf fólks í kringum hana í tengslum við það:

ég held að það setji enginn út á það að hann kjósi að ekki vera heima eða þannig

(Rakel)

Jónas tók sína þrjá mánuði en hann er fyrirvinna heimilisins þar sem konan hans er í námi, hann skipti þeim niður, þegar hann var spurður út í viðhorf vinnuveitenda svaraði hann, en hann vinnur hjá einkareknu fyrirtæki sem er fjölskylduvænt:

Já, það var allavega ekkert mál að fá þessa mánuði samþykktu sem ég tek.

(Jónas)

Þegar konan hans hún Friðrikka var spurð út í viðhorfið þá sagði hún:

Það eru rosalega margir að spurja, þú veist „Hvernig er fæðingarorlofið?“ „Jónas ferð þú í fæðingarorlof?“ . Því þú veist, þeir sem eru í kringum okkur vita alveg hvernig staðan okkar er, hann að vinna og ég í námi.

(Friðrikka)

Þegar Magnús var spurður út í viðhorf fólks í kringum þau um fæðingarorlofið svaraði hann:

Já það hafa svosem margir spurt afhverju maður tók ekki strax 100% fæðingarorlof í einhvern tíma, en ég held að flestir sem þekkja okkur vita náttúrulega bara að þetta tókst ágætlega svona bara, og einmitt að það er bara að það eru margir að lenda í þessu núna, félagi okkar var að eignast barn núna í gærnótt og hann ætlar ekki í fæðingarorlof núna strax, hann á einfaldlega ekki efni á því þannig þetta er sérstaklega erfitt fyrir fólk sem er að koma úr skóla því þetta eru ekkert það háar upphæðir sem um er að ræða sko en auðvitað er þetta, en fólk finnst, því kannski finnst skrítið að maður sé ekki, taki þetta ekki bara allt í

einu, ég man nú svo sem ekki hvort það hafi verið margir en það eru margir sem taka bara 3 mánuðina straight en það er kannski ekki í boði allstaðar, sérstaklega í dag fólk er hrætt um vinnuna sína og vill sanna sig, svo er fólk að koma út úr skóla og maður er kannski bara búinn að vinna í hálf ár og þá er kannski erfitt að fara í 3 mánaða fæðingarorlof

(Magnús)

Tveir feðurnir í rannsókninni tók lengra fæðingarorlof en móðirin, þeir tóku sína þrjá mánuði og sameiginlegu mánuðina einnig. Þegar þeir voru spurðir út í viðhorf fólks í kringum þá varðandi skiptingu fæðingarorlofsins fengu þeir voðalega svipuð viðbrögð:

Það eru ekkert margir að spá sérstaklega í því, ég fékk ekkert spes viðbrögð sko, frekar var það bara þannig að fólk væri að segja að það væri gott að ég hefði verið í svona fæðingarorlofi því þau vissu um pabba sem hafði ekki tekið fæðingarorlof og svoleiðis

(Ragnar)

já svo sem ekkert svakalegt sko, það eru ekkert margir karlmenn sem taka sex mánuði, það eru frekar konur sem gera það en það er náttla bara, bara eins og með allt annað skiluru, það er bara allt að jafnast út, karlar eru meira heima og konur eru farnar meira á vinnumarkaðinn

(Torfi)

Spurðir út í hvernig viðbrögð þeir fengu frá vinnuveitanda voru viðbrögðin ekki neikvæð, ekkert sem þeir fundu fyrir. Annar þeirra var að vinna á leikskóla og hinn hjá hinu opinbera.

[...]þú veist þau sögðu allavega ekkert við því.

(Ragnar)

nei þúveist, það kom þeim á óvart að ég ætlaði að vera svona lengi en hann samþykkti það síðan eiginlega strax sko það var ekkert issue þannig séð, það gæti alveg verið að það væri meira mál ef ég væri að vinna hjá einhverjum einkaaðila en þúveist þetta er náttla ríkisstofnum sem ég er að vinna hjá og þeir geta ekkert verið eins og einkafyrirtæki. Þannig hann gat í rauninni ekkert sagt við þessu

(Torfi)

Þegar Torfi var spurður hvort hann hafi mætt einhverri gagnrýni sagði hann svo ekki vera og nefndi hann að fólk öfundaði hann frekar en ella:

nei nei þeir bara öfunda mig bara í rauninni meira heldur en, finnst ekkert að því skiluru, ég get alveg hugsað um hana eins og jóna og nei nei ég er ekkert búin að fá neitt svoleiðis

(Torfi)

En aftur á móti fengu mæðurnar meiri gagnrýni frá eldri kynslóðinni ef makar þeirra tóku lengra fæðingarorlof en þær. Önnur nefndi ömmu sína og hin ömmur sínar og afa sem og eldri frænur og frænda:

nei eða jú amma var kannski eitthvað að segja að vera heima með börnin og eitthvað svona en ég þæli bara ekkert í því, það er bara hennar.

(Jóna)

Sko, já, ekki frá yngra fólki og ekki frá fólki sem þekkir okkur vel en ömmur og afar og eldri frænkur og frændur fannst þetta bara reginhneyksli að ég væri að fara frá litlu barni og fara í skóla kannski einu sinni eða tvisvar í viku í þrjá tíma í senn eða eitthvað, að ég hlyti ekki að nenna þessu eða eitthvað og hann væri í fæðingarorlofi þú veist hann ætti að vera að vinna og hann væri ekki að sjá um fjölskylduna sína, þannig að maður fékk þannig gamaldagshugsunarhátt sem sögðu að konan ætti náttúrulega bara að vera heima og pabbinn á að vera að vinna og pabbar eru ekki góðir að hugsa um börn þeir eru góðir að skaffa pening, mömmurnar eru betra foreldrið og allt svoleiðis og þær eru miklu umhyggjusamari. [...]hann er náttúrulega ofboðslega góður með börn og við ákváðum það bara strax frá upphafi að við ætluðum ekki að taka þátt í því að hann færi strax í vinnuna og væri að auka við sig vinnu eins og talað var um með foreldra okkar.

(Margrét)

### 3.3.3 Óskir um breytingar á fæðingarorlofskerfinu á Íslandi

Meirihluti foreldranna nefndi að fæðingarorlofið væri of stutt og sumir þeirra bentu á Norðurlöndin til viðmiðunnar.

sko mér myndi samt sko finnast eins og Norðurlöndin í kringum þar er fæðingarorlofið miklu lengra sem er í boði og ekki einu sinni skert ehh

ég myndi vilja að það yrði tekið til fyrirmyndar og reyna að hvetja fólk til að vera heima, vegna þess að, mér finnst eins og að vera þú veist að refsa í garð fólks að fyrir að vilja, kjósa það að vera heima með börnin sín, skerða þetta svona svakalega og þetta er ekkert, okey ég veit að foreldrar okkar segja að einu sinni þá fékk maður bara 2 vikur þú veist og okey það var þá þannig einu sinni en núna myndi ég alveg vilja fá þetta allavega ár alveg upp í eitt og hálf ár því ég held að eins og í Svíþjóð þá fari það alveg í upp í eitt og hálf ár, ég myndi vilja sjá það þannig

(Rakel)

Einnig benti ein móðirin á brjóstagjöfina:

Mér finnst þetta allt í lagi ,mér finnst þetta kannski svolítið stutt af því að það er náttúrulega æskilegt að börn séu á brjósti til 6 mánaða lágmark en samt er það mesta sem að kona getur fengið eru 6 mánuðir þannig það er solldið mikil mótsögn eða þversögn. Mér finnst að ég ætti að eiga kost á því að vera heima þú veist í 9 mánuði allavega eða eitthvað svoleiðis.

(Jóna)

Ein móðirin sagði að námsmannafæðingarstyrkurinn mætti vera lengri og einnig væri gott ef hægt væri að dreifa mánuðum yfir á lengri tíma:

Ég myndi vilja að fæðingarstyrkur námsmanna væri allavega undir atvinnuleysibótaupphæðinni, 113 þúsund er bara, ef við borgum 100 í leigu og ég væri líka til í að geta haft, þessi fæðingarstyrkur hann er bara sex mánuði og ég væri alveg til í, og ég fæ 113 á mánuði, ég vildi að ég gæti togað hann upp í ár, dreifa hann upp í ár, af því þá hefði ég getað gert það. Þessi peningur sem maður var að fá á mánuði, maður hefði alveg látið það duga af því nú erum við tvö en þá hefði ég getað verið lengur heima og fengið pening. Eins og í sumar þá er svolítið leiðinlegt að fá ekki krónu inn.

(Lára)

### **3.4 Að brúa bilið**

Fjórða og síðasta þemað í rannsókninni var hvernig foreldrarnir fimm ætluðu að brúa bilið frá því að fæðingarorlofi lauk og leikskólaganga barnsins hófst. Þessi tími þar sem foreldrar þurfa að brúa bilið virðist vera þeim margslunginn. Í rannsókninni voru fjórar mæður í námi og ein heimavinnandi. Tvær mæðranna sem voru í námi tóku þrjá mánuði

og tvær sex mánuði. Námsmannafæðingarstyrkurinn gefur ekki færi á einhverskonar skiptingu og þess vegna þurfa þær að taka fæðingarorlofið samfleytt (Fæðingarorlofssjóður, 2011). Sú móðir sem var heimavinnandi tók sex mánuða fæðingarorlof en skipti því þannig að hún tók sex mánuði á níu mánuðum. Einn af tveimur feðrunum sem tók sex mánuði lengdi þá í tólf mánuði. Í báðum tilfellum var þetta gert til þess að þurfa ekki að senda barnið í dagvistun frá foreldrum sínum. Í öllum tilvikum þá ætluðu foreldrarnir að reyna að nýta sér hjálp frá fjölskyldu til að allt gæti gengið upp. Flest nefndu það að þeim fyndist neikvætt hvað dagforeldrar værudýr kostur. Að lokum var spurt út í hvort foreldrunum fannst vanta úrræði varðandi daggæslu barna.

### 3.4.1 Hvernig?

Rakel hefur verið heimavinnandi móðir undanfarin ár en stefnir á að fara út á vinnumarkaðinn þegar fæðingarorlofi hennar líkur, hún sagði þetta þegar hún var spurð út í það hvernig hún ætlaði að brúa bilið:

sko við bjuggum á Siglufirði þar er tekið inn eins árs þannig þær fóru inn strax en núna sko er hann búinn níu mánaða og hérna er það ekki fyrir en tveggja ára sem þau geta farið á leikskóla, sko ég sótti um að ungbarnadeild á sama leikskóla og þær eru í. Sko ég vil helst annaðhvort reyna að mamma gæti kannski verið með hann heima eða þá þú veist ef ég gæti það annars á ungbarna leikskóla þó ég þurfi að borga meira fyrir það en þá vil ég það eiginlega frekar en dagmömmu.

(Rakel)

Jóna ætlaði að sækja um dagmömmu og sjá svo til hvort hún væri nauðsynleg:

[...] ég ætla samt að fara að sækja um dagmömmu þannig hún byrji þegar hún verður 9 mánaða en síðan ætlum við bara að sjá til hvort við tökum því eða ekki, eða hvort við reddum því einhvernvegin öðruvísi[...] hann náttla vinnur vaktir og pabbi líka þá myndum við skipta því þannig að þeir myndu vera með hana til skiptis eitthvað svoleiðis

(Jóna)

Ein móðirin var ekki búin að hugsa málin til enda:

Sko ég veit það ekki. Sko það verður mjög líklega dagmamma en við einhvern veginn höfum ekkert þælt í því, en ég verð í námi næsta árið

Þá verður hann heima með mér en eftir það þá verður það líklega dagmamma [...] svo er það systir mín, hún er ekki í vinnu, hún er búin að bjóðast til að vera með hann á daginn og svo er tengdamamma ekki í vinnu og hún gæti verið með hann líka, við erum með fjölskyldu sem við getum nýtt okkur, en það getur vel verið að maður fari með hann til dagmömmu.

(Lára)

Friðrikka var búin að reikna það út að ekki yrði þörf á dagmömmu í þeirra tilviki:

Hún þarf ekki að fara til dagmömmu, þannig að hún ætti bara að fara beint á leikskóla, bara þegar hún er 18 mánaða, eða á þeim tíma sem eðlilegt er að hún myndi fara. Það er reyndar sex vikna vettvangsnám hjá mér, Jónas nær því náttúrulega ekki öllu einn með sumarfríinu sínu, hann tekur þrjár vikur af því og svo kemur systir mín, mamma jafnvel tengdamamma, þú veist, það verður svona mix en í staðinn fyrir að setja hana til dagmömmu í sex vikur og svo koma fimm mánuðir eða eitthvað sem ég hef ekkert við dagmömmuna að gera.[...]Þannig að maður verður bara að nýta, þú veist. Í versta falli þá auglýsi ég bara á facebook hjá vinum mínum hvort að einhver sé laus og ræð mér einhvern þú veist.

(Friðrikka)

Þegar einn faðirinn var spurður út í hvað hann gerði til að brúa bilið frá fæðingarorlofi og þangað til að barnið hans byrjaði á leikskóla svaraði hann:

Með því að verða dagpabbi. [...]Fyrst var ég bara á sambýlinu með fæðingarorlofinu og svo það orðið ógeðslega þreytandi að vera í svona mikilli vinnu á kvöldin og um helgar, maður var alveg hættur að hafa samband við, hitta fjölskyldu og vini því maður var alltaf vinnandi, þannig, besta lausnin í stöðunni.

(Ragnar)

Flestar mæðurnar nefndu að þeim var ekki vel við það að setja börnin sín til dagforeldra sérstaklega ekki ef þau þekktu ekki til þeirra einnig nefnsu þær ungbarnaleikskóla sem traustari kost til þess að setja börnin sín á.

Þegar Margrét var spurð út í þetta svaraði hún:

Mér finnst fæðingarorlof alltof stutt, mér finnst, það myndast svona brú eða ókey nei, ekki brú það myndast svona gjá á milli níu mánaða

aldurs og þangað til að eðlilegt er að það fari til dagmömmu eða á leikskóla, þú veist þótt að það sé allt í lagi og sumum finnst í lagi að setja börnin sín þannig þegar þau eru mjög ung þá bara eins og til dæmis fyrir mig var ég mjög mótfallin því að hann færi eitthvað fyrir eins árs og helst vildi ég að hann færi ekki neitt fyrir en eins og hálf árs eða tveggja ára, þannig að hvað á maður að gera þegar barnið er níu mánaða og þangað til að það er eins árs ef maður fær enga aðstoð? [...] Þú veist þá verða báðir aðilar að fara að vinna eins og þjóðfélagið er í dag þá er þetta bara mjög mikill galli á kerfinu, annars finnst mér samt kerfið hér á Íslandi vera betra en margstaðar annarstaðar og ég veit alveg aðstæður í þjóðfélaginu bjóða ekkert upp á það að setja meiri pening í þetta eins og er en ég held að ef að það kemur aftur góðæri þá mætti ráðstafa peningunum soldið öðruvísi og eitt af því að það þarf að finna einhverja lausn á þessu, það gengur ekki. Ég held að undantekningarlaus lendi fólk í smá svona bobba þegar það kemur að þessu tímabili þegar fæðingarorlofið er búið og hvað getum við verið heima og ef það er ekki hægt að vera heima þá verður þetta oft rosalega mikið púsluspil, þá er það oft þannig að vinna á daginn eða eitt foreldri er heima á daginn og hitt er að vinna á kvöldin og þá verður togstreita á milli herna á milli foreldranna og þá bara vindur það upp á sig og ég held að það komi bara svona fram sem streita í fólki og það er ekki held ég fjölskyldulífið sem fólk sér fyrir sér þegar það á von á barni, þannig að þú ert kannski enn að aðlagast lífi með nýju barni og þá kemur þessi pressa í ofan á lag svo það er eiginlega ekki á fólk leggjandi, fæðingarorlof ætti bara að vera eitt ár eða það ætti að bæta við leikskólann til þess að taka við yngri börnum .

(Margrét)

Varðandi leikskólann nefndi önnur einnig:

Í staðinn fyrir að bæta við úrræðum að bæta það sem er núþegar í boði, að taka börn kannski fyrir inn á leikskóla.

(Lára)

Nefnt var hve dagmömmur væru dýr kostur:

já mér finnst mjög asnalegt að ég þurfi að borga svona mikið fyrir dagmömmu og síðan ekki fyrir leikskólann þú veist þetta er svo mikill munur að þurfa að borga 80 þúsund á mán fyrir dagmömmu en maður fær þetta niðurgreitt einhvern 20 þúsund kall eða eitthvað en þú veist þetta er 60 þúsund, mér finnst það samt ógeðslega mikið, mér finnst að það ætti bara að vera ungbarnadeild á leikskólum.



(Jóna)

Ein móðirin nefndi henni þætti það þægilegt að manneskja með menntun hefði umsjón með barninu og að ef að veikindi hjá starfsfólki kæmi upp þá þyrfti barnið ekki að vera heima:

[...] en samt finnst mér, langur tími að þurfa að bíða því mér fannst voða þægilegt að komast inn eins árs þar í staðinn fyrir að ég þurfi að senda þau til dagmömmu að því að mér finnst svo mikill munur þú veist, leikskólar þá þurfa alltaf að vera einhver menntaður í þessu og segjum að einn starfsmaður er veikur þá þarft þú ekki að vera taka frí í vinnuni af því að hann er veikur að því það eru nokkrir, þannig að mér finnst þeir kannski geta farið að taka inn fyrr að því að ungbarnaleikskólar eru oft ofboðslega dýrir

(Rakel)

Friðrikka nefndi það þegar hún var spurð út í úrræði varðandi daggæslu barna að henni leið ekki vel að senda barnið sitt til dagmömmu:

Það eru náttúrliga fáir, og það er slegist um hvert pláss og þetta er þú veist, ég veit ekki hversu spennu er fyrir eitthvað svona að barnið sé með fjórum fimm alveg upp í ellefu ef það eru margar dagforeldrar saman ein í einhverjum svona potti og eru bara, þetta er rosalega einhæft sem þau eru að gera á daginn.

(Friðrikka)

Einnig nefndi Friðrikka heimagreiðslur sem nýlega voru lagðar niður hjá Reykjavíkurborg:

Mér fannst rosa sniðugt það sem Reykjavíkurborg var með en er búið að leggja af núna, svona heimagreiðslur sem voru. Mér finnst það mjög sniðugt og ég held [...]mér fannst það mjög sniðugt, þetta var bara 35 þúsund kall eða eitthvað en það er samt eitthvað. [...]Mér finnst þetta rosalega leiðinlegt að þetta sé hætt. Jú þetta er alveg peningur fyrir ríkið en þetta er samt það lítið að, þú veist ef fólk hefði spáð, ég er að fá þennan 35 þúsund kall í staðinn fyrir að borga kannski 70 þúsund á mánuði í dagmömmu. Þá hefði fólk hugsað „Já þarna er ég að spara peninga“. Fyrir utan það að þú færð tíma með barninu þínu.

(Friðrikka)

## 4 Umræða

Það að eignast barn og verða foreldri er stórt verkefni, foreldrar fá nýjan einstakling í hendurnar sem þau bera ábyrgð á. Í rannsókninni sem hér hefur verið gerð ákváðu rannsakendur að skoða nokkra þætti sem tengdust barneignum. Viðmælendur rannsóknarinnar áttu það sameiginlegt að vera tiltölulega nýbúin að eignast barn og voru börnin öll undir tveggja ára aldri. Spurt var út í ákvörðunartöku barneigna, hvernig foreldrar skiptu með sér almennum undirbúningi á meðgöngu með sérstakri áherslu á kynjaskiptingu einnig var spurt um skiptingu fæðingarorlofs og hvaða þættir höfðu áhrif á þá skiptingu og síðast var spurt út í hvernig foreldrar ætluðu að brúa bilið á milli fæðingarorlofs og leikskólagöngu barna sinna.

Hér verður fjallað um helstu niðurstöður og verður hluti af þeim borin saman við fræðilega hluta rannsóknarinnar.

Á síðastliðnum fimmtán árum hefur mikil framþróun átt sér stað í réttindum feðra á Íslandi varðandi fæðingarorlofstöku, frá því að hafa engan rétt til fæðingarorlofs og til þess að eiga rétt á jafn löngum tíma til fæðingarorlofs og móðir barnsins (Guðný Björk Eydal og Ingólfur V Gíslason, 2008). Foreldrar hafa tækifæri á að skipta þriðjungaf fæðingarorlofinu á milli sín eftir hentisemi, þar sem bæði móður og föður gefst kostur á að taka þann hluta en báðir foreldrar eiga rétt á sitthvorum þremur mánuðum en þeir eru sameiginlegir(95/2000).

Þegar fyrsta þema rannsóknarinnar var skoðað var það fróðlegt að athuga hvort þungunin hafi verið fyrirfram ákveðin hjá foreldrunum, hvort annað foreldrið hafi verið ákveðnara í því að eignast barnið og hvort munur væri á þeim efnum á þeim þörum sem tóku þátt í rannsókninni. Öll þörin komu svipað út hvað þetta varðar, börnin voru velkomin þó svo flest þeirra hafi ekki verið á áætlun strax.

Í næsta þema sem var undirbúningur á meðgöngu komust rannsakendurnir að því að ekki hafði verið fjallað mikið um kynjaskiptingu þegar kom að undirbúningi á meðgöngu og voru því fyrirliggjandi gögn hvað það varðar af skornum skammti. Áberandi var að mæður sáu að mestu leiti um almennan undirbúning og sýndu þær mun meira frumkvæði en þó voru flestir makar þeirra þeim innan handar og að mestu leyti tilbúnir að taka þátt. Samt sem áður voru tvær undantekningar, í einu tilfelli sá móðirin alfarið um undirbúninginn og tók maki hennar lítið sem engan þátt í því að kaupa og finna hinu ýmsu hluti sem barn þarfnast sem og í upplýsingaröflun á meðgöngu. Í hinu

tilfellinu skiptu foreldrarnir öllum undirbúning jafnt á milli sín hvort sem það var upplýsingaöflun eða almenn kaup á hlutum og voru þau mjög samstíga í öllu ferlinu. Það sem vakti athygli hjá rannsakendum var það hvar feður sýndu frumkvæði en það var þegar kom að því versla “græjurnar” en tveir feðranna voru mikið að athuga og skoða bæði bílstóla og barnavagna, þá hvað hentaði best og væri öruggasti kosturinn og hvernig þeir gætu fengið hlutina á sem hagstæðasta verði. Álykta má að hægt sé að tengja þetta við þá kynmótun sem oft á sér stað í lífi karlmannna, að strákar eigi að taka sér það hlutverk að sjá um tækin og tólin en stelpurnar um fötin og það sem talið er kvenlægt. Hægt er að tengja þennan þátt við barnæskuna en algengt er að stúlkur fái leikföng sem sýna mykri hliðar manneskjunnar og tengjast umönnun eins og dúkkur, dúkkuföt og eldhúsdót en strákar fá frekar leikföng eins og bíla, hasarbrúður og dótaverkfæri sem tengjast þeirri ímynd að þeir eigi að vera harðir að sér og sterkir (Newman.D.M. og Grauerholz.L., 2002). Í þættinum sem snéri að óveraldlegum undirbúningi eins og upplýsingasöfnun var það algengt að móðirin væri sá aðili sem sá að mestu leyti um þann þátt, hún valdi það sem henni þóttigagnlegt makanum og sýndi honum svo eða benti á þær upplýsingar. Tvær undantekningar voru þó á óveraldlega undirbúningnum, í öðru tilvikinu sá móðirin alfarið um upplýsingaöflun og í hinu sáu aðilar frekar jafnt um upplýsingaöflun.

Þegar fæðingarorlofstaka paranna var skoðuð kom í ljós að þau fóru frekar snemma að huga að því hvernig þau vildu haga fæðingarorlofstöku sinni en lokaákvörðunin var þó oftast tekin þegar langtvar liðið á meðgönguna. Það sem kom í ljós var það að öll þörin höfðu það að leiðarljósi að fá sem mest út úr fæðingarorlofinu bæði efnahagslega og tímalega. Augljóst var að efnahagurinn var sá þáttur sem skipti mestu máli þegar kom að því að ákveða skiptingu fæðingarorlofsins þar sem í flestum tilfellum var búið að reikna út hvernig þörin gætu hagað hlutunum sem hagstæðast og skiptu foreldrarnir fæðingarorlofinu samkvæmt því.

Hjá tveimur paranna tóku feðurnir sína þrjá mánuði í fæðingarorlof, einnig tóku þeir sameiginlega tímann sem eru þrír mánuðir. Ástæða þess var sú að báðar mæðurnar voru í námi og hentaði það þörnum best svo mæðurnar gætu haldið sínu striki í náminu en einnig var það útreiknað hjá þörnum hvað þau myndu fá í orlof og hvort það myndi borga sig og var það svo í báðum tilfellum. Annar faðirinn ákvað að lengja fæðingarorlofið í eitt ár og vinna þá 50 prósentahlutastarf með því á kvöldin og um

helgar. Staðsetning á vinnumarkaði vó þungt í hjá báðum feðrunum sem tóku lengra fæðingarorlof en mæðurnar, þeir áttu það sameiginlegt að vinna á vinnustöðum þar sem starfsöryggi þeirra var ekki ógnað með töku fæðingarorlofs. Annar faðirinn vann hjá hinu opinbera en hinn á leikskóla, á þeim vinnustöðum er algengara að konur séu meirihluti starfsfólks. Í fyrri rannsóknum hefur komið fram að hærri prósentu mæðra en feðra eru í námi eða 25% mæðranna en aðeins 10% feðranna (Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd, 2010). Í þessari rannsókn var faðirinn fyrirvinna heimilisins hjá öllum pörunum, ein móðirin var heimavinnandi og fjórar voru í námi. Tveir feðranna tóku lengra fæðingarorlof en móðirin og er það í andstöðu við þær tölur að feður taki oftast bara sinn óframseljanlega tíma og móðirnn þá sameiginlega tíman sem þau eiga, en fimmtungur feðra taka eitthvað af sameiginlega tímanum (Ingólfur V. Gíslason, 2007).

Þegar spurt var út í viðhorfið sem fólk fann fyrir frá öðrum í kringum sig þegar kom að fæðingarorlofstöku var það almennt gott. Feður sem tóku lengra fæðingarorlof fundu fyrir velvilja í sinn garð en jafnframt öfund af hálfu annarra feðra, aftur á móti fengu makar þeirra einhverja gagnrýni og þá helst frá eldri kynslóðinni, það samræmist vel hugarfarinu sem var uppi fyrir á tíðum og einkennir mæðrahyggjuna, sá hugsunarháttur að kona sé fyrst og fremst móðir og umönnunaraðili barnsins en faðirinn fyrirvinna heimilisins (Newman.D.M. og Grauerholz.L., 2002). Einn feðranna fann fyrir undrun af hálfu fólks vegna þess að hann tók ekki fullt fæðingarorlof í kjölfar fæðingar barnsins þar sem hann var að vinna hálfan daginn. Þessi sami faðir og maki hans sem var í námi töluðu um að starfsöryggi hans gæti hugsanlega hafa verið ógnað ef hann hefði tekið fullt fæðingarorlof þar sem hann var tiltölulega nýbyrjaður í vinnunni. Eins og fram kom í rannsókn Auðar Örne þá töldu 15% þátttakenda rannsóknar hennar starfsöryggi sínu á vinnustað ógnað við töku á fæðingarorlofi (Auður Arna Arnardóttir, 2008). Þau voru bæði meðvituð um þetta atriði þegar hún varð ófrísk af barni þeirra, hann tók þó fram að það væri ekki aðalástæðan heldur að tekjuskurðingin yrði of mikil og gætu þau ekki lifað á þeim peningum sem þau fengju þar sem hann hafði verið í námi rétt áður en hann byrjaði í vinnunni og hún fengi fæðingarstyrk.

Tveir feðranna sem tóku einungis sinn óframseljanlega tíma fæðingarorlofsins nefndu tekjuskurðingu fyrir heimilið ástæðu þess að þeir tóku ekki lengra orlof. Sáfaðir sem tók ekkert fæðingarorlof nefndi að það borgaði sig að taka fæðingarorlof ekki

vegna þess að að hann hafði unnið erlendis hluta af meðgöngunni en síðan hafi hann frekar farið á atvinnuleysisbætur en tekið fæðingarorlof.

Athyglisvert var að einn faðirinn ákvað að gerast dagpabbi til þess að brúa það bil sem myndast á milli lok fæðingarorlofs og þegar barnið fer á leikskóla. Við teljum það skref í rétta átt að karlmenn vinni ásamt kvennönnum umönnunarstörf sem tengjast börnum en dagforeldrar eru að mestu leiti konur. Eins og fram kom í rannsókninni var sá tími sem myndast á milli fæðingarorlofs og leikskólagöngu mikið þúsluspil fyrir alla foreldrana og treystu þau öll á nærfjölskyldu til að hjálpa sér á þeim tíma. Nokkrir viðmælenda rannsóknarinnar nefndu að dagforeldrar væru dýr kostur og því ekki möguleikifyrir alla nýta sér þann kost. Meirihluti viðmælandanna nefndi að ungbarnaleikskólar væru góð lausn á þessum vanda, einnig nefndu sumir þeirra að leikskólar væru traustari kostur þar sem þar starfaðimenntað fólk sem hefði umsjón með börnunum þeirra.

Þegar viðmælendur voru spurðir að því hvort þeir vildu breyta fæðingarorlofskerfinu á einhvern hátt þá nefndu flestir að þeim þætti fæðingarorlofið of stutt og mætti vera lengra. Ein móðirin nefndi brjóstagjöfina og þótti henni það mótsagnarkennt að það væri mælt með brjóstagjöf fyrstu sex mánuði af lífi barnsins og lengur eftir að barnið væri byrjað að borða, henni fannst að mæður ættu að hafa kost á lengra fæðingarorlofi til þess að geta sinnt þessum brjóstagjöfinni. Sú móðir sem um var fjallað tók þrjá mánuði í fæðingarorlof og maki hennar sex mánuði, móðirin var í námi og gat hún skipulagt tíma sinn þannig hún gæti sinnt brjóstagjöfinni lengur en þessa þrjá mánuði. Eins og rannsóknir hafa sýnt er brjóstastagjöf talin mjög mikilvæg heilsu ungbarna (Karítas Ívarsdóttir og Ragnheiður Bachmann, 2008 og World Health Organization, 2011). Einn faðirinn vildi hafa hærri fæðingarorlofsgreiðslur.

Sýnt hefur verið fram á að þeir feður sem taka meiri þátt í uppeldi barna sinna mynda sterkari tengsl og eru upplýstari um þarfir þeirra (Ingólfur V. Gíslason, 2002). Álykta má að þeir feður sem taka fæðingarorlof séu tengdari börnum sínum vegna þess tíma sem þeir verja með börnum sínum en þeir sem ekki taka fæðingarorlof. Flestir feðurnir í rannsókninni áttu það sameiginlegt að vera áhugasamir og af vilja gerðir að taka þátt í uppeldi barna sinna.

Það sem rannsakendum þætti fróðlegt að athuga út frá niðurstöðum þessarar rannsóknar væri það að skoða mun á tengslum barna við feður sem tækju lengra fæðingarorlof en móðirin og þeim feðrum sem tækju einungis óframseljanlegu mánuðina.

## Heimildaskrá

Alþingistíðindi 2000 og 2004. Sótt þann 14.júlí 2011 af:

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/2000095.html>

Andersen, M. L. og Taylor, H.F. (2007). *Sociology, The essentials*. (5.útgáfa).

California: Thomson Wadsworth.

Auður Arna Arnarsdóttir (2008). Fæðingarorlof frá sjónarhorni feðra og mæðra. Í

Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstj.). *Rannsóknir í*

*Félagsvísindum IX* (bls. 139–150). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands

Auður Styrkársdóttir (1997). 'Mæðrahyggja. Frelsisafli eða kúgunartæki?' Íslenskar

kvennarannsóknir 1995. (Ritstj. Helga Kress og Rannveig Traustadóttir).

Reykjavík: Rannsóknastofa í kvennafræðum og Háskóli Íslands, s. 273-278.

Baldur Kristjánsson. (2006). *Börn og barnafjölskyldur í skugga nútímavæðingar*. Sótt

24.júlí 2011 af [www.visindavefur.hi.is/article.php?id=20](http://www.visindavefur.hi.is/article.php?id=20)

Byrgen, M., og A-Z. (2006). Parents' Workplace Situation and Fathers' Parental Leave

Use, *Journal of Marriage and Family* 68 (2): 363–372).

Brandth, Berit og Elin Kvannd (2003): *Fleksible fedre*. Osló: Universitetsforlaget

delivery.

Bryndís Jónsdóttir (2007). *Upplifun foreldra á fæðingarorlofi*. Óbirt MA-ritgerð:

Háskóli Íslands, Viðskipta- og hagfræðideild.

Chandler S, Field PA. (1997). Becoming a father: First time fathers' experience of labor

and delivery. *Nurse Midwifery*, 42(1), 17–24.

Collins, R og Makowsky, M. (2005). *The Discovery of Society*. New York: McGraw-

Hill.

Duvander, A. Z. og Sundstrom, M. (2000). Family division of childcare and the sharing

of parental leave among new parents in Sweden. I A.Z. Duvander (ritstj.), *Couples*

*in Sweden. Studies on family and work*, (bls. 1–28 ). Stockholm: Swedish Institute

for Social

Esterberg, Kristin G. (2002). *Qualitative methods in social research*. Boston: McGraw –

Hill Companies Inc.

Fæðingarorlofssjóður. (e.d.). *Foreldrar sem hafa verið í fullu námi í a.m.k. sex mánuði samfellt á síðustu 12 mánuðum fyrir fæðingu barns fá greiddan fæðingarstyrk námsmanna*. Sótt þann 30.júlí 2011 af <http://www.faedingarorlof.is/rettur-foreldra-til-faedingarstyrks-i-fullu-nami/born-faedd-eftir-1juni-2008/Research>. Ellingsater, A. L. og Leira, A. (ritsj.). (2006).

Fæðingarorlofssjóður. (e.d.) *Um fæðingarorlofssjóð*. Sótt þann 1.ágúst 2011 af: <http://www.faedingarorlof.is/um-faedingarorlofssjod/>

Gallup (2003): <http://www.hgj.is/Vidhorfskannanir/VidhorfskannanirGallup/nr/93> og 109.

Guðný Björk Eydal (2004). Hvernig samhæfa íslenskar barnafjölskyldur atvinnunúþátttöku og umönnun ungra barna. í Úlfar Hauksson (ritstj.). *Rannsóknir í félagsvísindum V* (bls. 325–334). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Guðný Björk Eydal (2007). Fæðingarorlof: löggjöf og lífstíll. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstj.) *Rannsóknir í félagsvísindum VIII* (bls. 241–250). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Guðný Björk Eydal (2008). Fæðingarorlof, feður og fjölskyldustaða. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstj.). *Rannsóknir í Félagsvísindum IX* (bls. 203–211). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Haas, L. (1992). *Equal Parenthood and Social Policy: A study of Parental Leave in Sweden*. Albany: State University of New York Press.

Hagstofa Íslands. (2009c). *Regluleg laun á almennum vinnumarkaði eftir atvinnugrein og kyni 1998–2007*. Sótt 3.mars 2009 af <http://www.hagstofa.is/?PageID=634&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=VIN02011%26ti=Regluleg+laun+%E1+almennum+vinnumarkaði+eftir+atvinnugrein+og+kyni+1998%2D2007%26path=../Database/vinnumarkadur/fulllaun/%26lang=3%26units=Þúsundir%20króna>

Hagstofa Íslands. (2011). *Regluleg laun á almennum vinnumarkaði eftir atvinnugrein og kyni 1998–2010*. Sótt 5.júlí 2011 af: <http://www.hagstofa.is/?PageID=634&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=VIN02015%26ti=Regluleg+laun+%E1+almennum+vinnumarkaði+eftir+starfsst%26tt+og+kyni+1998%2D2010%26path=../Database/vinnumarkadur/fulllaun/%26lang=3%26units=%DE%FAsundir%20kr%F3na>

- Herdís Helgadóttir (1996): *Vaknaðu kona! Barátta rauðsokka frá þeirra eigin sjónarhóli*. Reykjavík: Bókaútgáfan Skjaldborg.
- Hulda Proppé. (2004). „Hér er ég, bara kyngdu því“ - rými, vald og andóf í íslenskum sjáfarbyggjuð. Í Irma Erlingsdóttir (ritstj.) *Fléttur 2, Kynjafræði- kortlagningar*. (bls. 293–311). Reykjavík: Rannsóknarstofa í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands.
- Ingólfur V. Gíslason (2002). *Pabbi. Bók fyrir verðandi feður*. Mál og menning: Reykjavík.
- Ingólfur V. Gíslason (2005). Feður sem taka lengra fæðingarorlof. Í Úlfar Hauksson (ritstj.) *Rannsóknir í félagsvísindum VI* (bls. 293–304). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Ingólfur V. Gíslason. (2007). *Fæðingar- og foreldraorlof á Íslandi: Þróun eftir lagasetninguna árið 2000*. Akureyri: Jafnréttisstofa.
- Ingólfur V. Gíslason (2008). Feðurnir og nútímavæðingin. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstj.). *Rannsóknir í félagsvísindum IX* (bls. 247–256). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Ingólfur V. Gíslason (2010). Karlanevnd Jafnréttisráðs 1994–2000. Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstj.). *Rannsóknir í félagsvísindum XI* (bls. 115–122). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Jóhann Ásmundsson (2008). *Ársskýrsla 2008. Vinnumálastofnun*: Reykjavík. Sótt þann 19. júlí 2011 af [http://www.vinnumalastofnun.is/files/Arssk-VMST-2008-LowRes\\_1220550002.pdf](http://www.vinnumalastofnun.is/files/Arssk-VMST-2008-LowRes_1220550002.pdf)
- Karítas Ívarsdóttir og Ragnheiður Bachmann (2008). *Kostir brjóstamjólkur og brjóstagjafar*. Heilsugæsla Reykjavíkur. Sótt þann 14. júlí 2011 af: <http://www.heilsugaeslan.is/?PageID=1685>
- Kolbeinn H. Stefánsson (2008). *Kynhlutverk: Viðhorf til kynbundinnar verkskiptingar*. Sótt 20. júlí 2011 af: <http://rafhladan.is/handle/10802/491>
- Lamb, M.E., og Tamis-LeMonda, C.S. (e.d.). *The role of the father*. Sótt 28. júlí 2011 af [http://media.wiley.com/product\\_data/excerpt/14/04712316/0471231614.pdf](http://media.wiley.com/product_data/excerpt/14/04712316/0471231614.pdf).
- Lög um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000.*



Lög um breytingar á ýmsum lögum vegna sameiningar ráðuneyta, sbr. Lög nr. 121/2010.

Mayhew, R. (2004). *The female in Aristotle's biology: reason or rationalization*. The University of Chicaco Press: Chicaco.

Rannsókn RBF fyrir Leikskólasvið Reykjavíkurborgar (2010). *Umönnun Ungra Barna í Reykjavík*. Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd: Reykjavík.

Velferðaráðuneytið. (e.d.). Almennar upplýsingar um fæðingar- og foreldraorlofsmál.

Sótt þann 30. Júlí árið 2011

af: <http://www.velferdarraduneyti.is/malaflokkar/faedingarorlof/almennt/>

Velferðaráðuneytið. (2008). *Breytingar á lögum um fæðingar- og foreldraorlof*. Sótt þann 30. júlí 2011 af:

<http://www.velferdarraduneyti.is/frettir/frettatilkynningar/nr/3844>

Vinnumálastofnun (2008). Fæðingarorlofssjóður. Í Jóhann Ásmundsson (Ritstj.).

*Ársskýrsla Vinnumálastofnunar 2008* (bls. 26–28). Reykjavík : Vinnumálastofnun.

Vinnumálastofnun (2010). *Samantekt yfir tölulegar upplýsingar Fæðingarorlofssjóðs 2001–2009*. Reykjavík : Vinnumálastofnun.

World Health Organization (2011). *Breastfeeding*. Sótt þann 14. Júlí 2011 af:

<http://www.who.int/topics/breastfeeding/en/>

## Fylgiskjal:

### Viðtalsrammi

Aldur:

Kyn:

Barn no:

Sambúðarstaða: (hversu lengi eruði búin að vera saman, trúlofuð, gift)

Menntun foreldra:

Vinnustaða:

### Afhverju ákváðu þið að eignast barn ?

- Hvort ykkar átti hugmyndina? Var annað ykkar ákveðnara? Hversvegna helduru það (ef já)

### Undirbúningur á meðgöngu ?

- Hvort ykkar var meira að finna og kaupa föt og hluti fyrir barnið?
- Lásuð þið bækur eða upplýsingar á netinu um meðgöngu, fæðingu og uppeldi.
- Ef já: Hvort ykkar var í því og var annað ykkar meira í því að afla sér upplýsinga og hvers vegna? Fenguð þið upplýsingar frá vinum og ættingjum?
- Fóruð þið á einhver undirbúningsnámskeið, fyrir og eftir fæðingu, hver stingur upp á því? Hvernig líkaði ykkur?
- En með mæðraskoðun, hvernig var það ? saman, ein, hversvegna? Var vinna hindrun, hvernig upplifðu þið þjónustuna þarna?
- Sónar ?

*Ef að pörin eiga börn fyrir og voru meira að undirbúa sig þá, þá verður spurt hvernig því var háttað þá*

### Fæðingarorlof

- Hvenær fóruð þið að hugsa um fæðingarorlof og skiptingu þess (fyrir, á meðgöngu)
- Hvernig skiptuð þið fæðingarorlofinu?
- Væriru til í að hafa skiptinguna öðruvísi hvers vegna? Hvers vegna ekki?
- Var þetta útpælt eða var það sjálfgefið að þú tækur 6 ?(þú tækir 3) hvervegna? Voru einhverjar samningaviðræður? Var eða verður faðirinn einn heima með barnið?
- Hvernig finnst þér viðhorfið vera í kringum þig um skiptingu fæðingarorlofs?

Vinir, ættingjar og atvinnurekandi.

- Hverkonar orlof? (var eitthvað basl með fæðingarorlofssjóð?)
- Hvernig finnst þér fæðingarorlofskerfið á Íslandi vera? Myndirú vilja breyta því á einhvern hátt?
- Hvernig ætlið þið að brúa bilið á milli lok fæðingarorlofs og þegar leiksskólinn byrjar?
- Hvers vegna ákváðu þið að gera það þannig? (Færðu hjálp frá nærfjölskyldu og hvernig þá?)
- Finnst þér vanta meiri aðstoð úrræði varðandi daggæslu barna?